









# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Aðfangadagur
24. desember 2010
302. tölublað 10. árgangur
Sími: 512 5000




**Hresst upp á hrygginn**

*Landsliðskokkar bjóða upp á uppskriftir að óvæntu meðlæti með eftirlætis-jólamat Íslendinga.*

**jól** 22



**Fótboltinn bestur**

*Ingó Veðurguð ætlar að vera heima hjá mömmu og pabba um jólin.*

**krakkasíðan** 28

**Þrjátíu ára starfsafmæli**

*Leikarinn og söngvarinn Jóhann Sigurðarson gefur út Lögin úr leikhúsinu.*

**tímamót** 26

**SÉRBLAÐ** í Fréttablaðinu

Allt




# Gleðileg jól



**SÍÐASTI SVEINNINN TIL BYGGÐA** Síðasti jólasveinninn kom til byggða í nótt og gladdi lítil börn með gjöfum. Kertasníkir var á göngu yfir Úlfarsfellið á leið sinni til Mosfellsbæjar þegar ljósmyndari Fréttablaðsins náði þessari mynd af sveininum rauðklædda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

# Vill ekki verða þræll í Nepal

**Priyanka Thapa frá Nepal hefur starfað sem barnfóstra og lagt stund á nám hér á landi síðastliðið ár. Nú gæti hún þurft að yfirgefa landið til að giftast ókunnugum manni. Hún vill dvalarleyfi af mannúðarástæðum.**

**FÓLK** Priyanka Thapa, 22 ára stúlka frá Katmandú í Nepal, hefur sótt um dvalarleyfi á Íslandi á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Sökum fátæktar fjölskyldu hennar í Nepal gæti Priyanka staðið frammi fyrir því að þurfa að giftast manni sem hún hefur aldrei hitt. Priyanka vonast til að geta fengið dvalarleyfi hér á landi svo hún geti haldið áfram að mennta sig.

„Meðan pabbi og stóri bróðir voru á lífi hafði ég öll tækifæri til að mennta mig og giftast og hefði orðið fjölskyldu minni til sóma. En nú hefur heimurinn snúist í algjöra andhverfu sína á örskotsstundu,“ segir hún.

Priyanka hefur starfað sem barnfóstra hér á landi síðastliðið ár auk þess að leggja stund á nám í verk- og raunvísindadeild við háskólabrú Keilis með ótrúlega góðum árangri.



PRIYANKA THABA

„Lífi mínu er hreinlega lokið ef ég fer aftur heim. Þar bíða mín gamlir karlar og ömurlegar aðstæður – í raun bara þrældómur.“

Þótt Priyanka sé aðeins 22 ára er lífshlaup hennar vægast sagt ótrúlegt. Hún bjóst ekki við langri skólagöngu en eftir sigur í fegurðarsamkeppni barna fékk hún styrk til frekara náms. Þegar hún var átta ára lenti hún í alvarlegu slysi og var í dái í þrjá mánuði. Fjölskyldan hafði ekki efni á spítalavistinni svo hún þurfti að liggja heima þar til hún vaknaði úr dáinu. - kh / sjá síðu 16 og 18







SPURNING DAGSINS



*Kertasníkir, fer ríkisstjórnin í jólaköttinn?*

„Já, ef hún nær ekki að smala saman nokkrum villiköttum fer hún auðvitað beina leið í jólaköttinn.“

Kertasníkir kom til byggða í nótt. Ríkisstjórnin á ekki von á góðu ef hún nær ekki að halda heraga á óðælum liðsmönnum stjórnarmeirihlutans.

Norður-Kórea segist reiðubúin í kjarnorkustríð haldi heræfingar Suður-Kóreumanna áfram:

# Hótanir magnast á báða bóga á Kóreuskaga

**SUÐUR-KÓREA, AP** Gagnkvæmar hótanir Suður- og Norður-Kóreu mögnuðust jafnt og þétt í gær þegar suðurkóreski herinn efndi til mikilla heræfinga skammt frá landamærum Norður-Kóreu.

Heræfingarnar virðast til þess ætlaðar að gera Norður-Kóreumenn fráhverfa því, að gera árásir á Suður-Kóreu á borð við þær sem þeir gerðu í síðasta mánuði á eyjuna Yeongpyeong. Með æfingunum sýni suðurkóreski herinn fram á getu sína.

Norður-Kóreumenn sögðust hins vegar ekki ætla að láta bjóða sér neina ögrun og hóta heilögu stríði, jafnvel kjarnorkuárás, ef Suður-Kórea lætur sér ekki segjast.

Suður-Kóreuher hefur fyrir sitt leyti hótað grimmilegum hefndum ef Norður-Kórea gerir alvöru úr hótunum sínum.

Flest benti til þess að hótanirnar yrðu látnar duga og að hvorki Norður- né Suður-Kórea hefði áhuga á að gera alvöru úr þeim.

Norður-Kórea er engu að síður talin ráða yfir plútóni í nægilega miklum mæli til að duga í að minnsta kosti sex kjarnorkusprengjur. **- gb**



**HERÆFINGAR** Suður-Kóreuher sýnir Norður-Kóreu mátt sinn. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Fréttablaðið um jólin:

## Kemur næst út á mánudag

Fréttablaðið kemur næst út mánudaginn 27. desember. Fréttavakt verður á Vísi.is yfir hátíðisdagana.

Þjónustuver 365 miðla verður opið frá 9 til 16 í dag, aðfangadag. Á jóladag og annan í jólum verður opið í þjónustuveri frá 10 til 22.

Auglýsingadeild Fréttablaðsins verður lokuð fram til mánudagsins 29. desember.



**JÓEL** Er enn fastur á Indlandi með fjölskyldu sinni.

Fær ekki vegabréf fyrir jól:

## Fjölskylda Jóels föst á Indlandi

**FÓLK „Sigurinn er ekki í höfn. Jóel er enn þá vegabréfalaus,“ segir Einar Þór Færseth, í samtali við Vísi í gær. Einar er fastur ásamt konu sinni, Helgu Sveinsdóttur, og nýfæddum syni á Indlandi. Þau hjónin eignuðust drenginn Jóel Færseth með aðstoð staðgöngumóður, en slíkt er ólöglegt hér á landi.**

**Alþingi ákvað að veita Jóel litla íslenskan ríkisborgararétt á mánudag, en fjölskyldan hefur enn ekki fengið vegabréfið í hendurnar. Þau munu því eyða fyrstu jólum Jóels á Indlandi. - sv**

Harður árekstur í gærdag:

## Fernt slasaðist töluvert í slysi

**SLYS** Harður árekstur tveggja bifreiða varð við gatnamót Vesturlandsvegar og Vestfjarðavegar við Bröttubrekku í gær. Fernt slasaðist í árekstrinum og var flutt á slysa- og bráðadeild Landspítalans til aðhlynningar.

Samkvæmt lögreglunni á Borgarnesi slasaðist fólkið töluvert, en var ekki talið í lífshættu. Sá sem slasaðist mest fékk opið beinbrot. Smávægilegar umferðartafir urðu við Bröttubrekku eftir að slysið varð. **- sv**

UMFERÐ

### Fimm óhöpp á tveim tímum

Fimm umferðaróhöpp urðu á tveimur tímum á Hellisheiði í gær. Mikil hálka myndaðist á heiðinni upp úr hádegi. Ekki er vitað um alvarleg slys á fólki, en einn var fluttur á sjúkrahús til aðhlynningar.

# Mörg úrræði gegn vanlíðan um jólin

**Margir glíma við mikla vanlíðan eða depurð um jólahátíðarnar. Fulltrúar kirkjunnar og Rauða krossins bjóða fólki upp á aðstoð og ráðgjöf varðandi frekari úrræði. Fjárhagsvandræði auka á vanlíðan einstaklinga.**

**FRÉTTASKÝRING**

Hvaða úrræði eru í boði fyrir þá sem glíma við andleg eða tilfinningaleg vandamál um jólin?

Þrátt fyrir að jólin séu flestum gleðitími eru engu að síður fjölmargir sem eiga um sárt að binda og upplifa mikla vanlíðan yfir hátíðarnar.

Mörg úrræði bjóðast hins vegar þeim sem vilja leita hjálpar eða stuðnings, til dæmis leita margir til kirkjunnar eða Hjálparsíma Rauða krossins, 1717, sem rekinn er í samstarfi við Landlækni, geðsvið Landspítalans og Neyðarlínuna. Þar eru sjálfboðaliðar til reiðu allan sólarhringinn til að hlusta og leiðbeina fólki varðandi frekari úrræði.

Karen H. Theodórsdóttir, verkefnisstjóri Hjálparsímans, segir í samtali við Fréttablaðið að mikið annríki hafi verið hjá þeim í allt haust.

„Við finnum samt mestu aukninguna á símtölum til okkar strax eftir jól. Það er erfitt að ráða í hvað það er nákvæmlega sem veldur því en maður getur þó ímyndað sér að þegar jólin skella á eftir annríkið í undirbúningnum komi upp erfiðar tilfinningar hjá mörgum.“

Karen segir að símtölin séu af margvíslegum toga, en margir glími við þunglyndi og depurð auk þess sem fjárhagsvandræði hafi verið áberandi.

„Bara það að hlusta hefur oft mikið að segja því í mörgum tilfellum hefur fólk enga til að tala við eða treystir sér ekki til að tala við neinn sem það þekkir.



**JÓLALJÓS** Birtan sem stafar af jólaljósunum nær ekki að lýsa upp tilveruna hjá öllum.

Því vill það jafnvel frekar tala við ókunnuga. Það getur hjálpað mjög mikið og er líka oft fyrsta skrefið til að leita sér frekari hjálpar.“

Þórhallur Heimisson, sóknarprestur í Hafnarfjarðarkirkju, segir fólk sækja mikið til kirkjunnar, sérstaklega síðustu vikuna fyrir jól. Ástæður eru margvíslegar þar sem leitað er eftir matar- og peningaaðstoð auk þess sem margir leita aðstoðar vegna andlegrar vanlíðunar.

„Það er margt sem kemur upp í huga fólks á þessum árstíma, til dæmis gamlar sorgir, söknuður, hjónaskilnaðir og fleira,“ segir Þórhallur.

„Það er bæði hringt til að spyrja og spjalla en svo er líka þónokkuð um að fólk komi í kirkjuna þar sem það er ekkert endilega að koma til að ræða við einhvern heldur vill það kannski kveikja á bænakerti og eiga rólega stund.“

Þórhallur bætir því við að kirkjan sé öllum opin og prestar svari í síma allan sólarhringinn.

**thorgils@frettabladid.is**

Gott útlit með samgöngur á landi og í lofti um jólin:

# Jólasnjórinn staldrar stutt við

**VEÐUR** Jólasnjórinn mun sennilega ekki staldra lengi við þar sem veðurspá gerir ráð fyrir hlýnandi veðri næstu daga.

Í dag og á morgun er gert ráð fyrir éljum víða um land, en síðdegis á morgun má búast við talsverðri rigningu um landið sunnanvert.

Á annan í jólum verður svo rigning eða slydda um allt land og áfram er spáð hlýju veðri í næstu viku.

Samkvæmt upplýsingum frá Vegagerðinni er færð á þjóðvegum ágæt þrátt fyrir að hálka eða hálkublettir séu víða, sem og skafrenningur og snjóþekja.

Öllum leiðum með sjö daga þjónustu verður sinnt um hátíðarnar, en frekari upplýsingar um færð má fá í upplýsingasíma Vegagerðarinnar 1777.

Innanlandsflug lítur vel út um hátíðarnar að sögn Árna Guðmundssonar, framkvæmdastjóra Flugfélags Íslands.

„Þetta lítur allt vel út hjá okkur. Þó að ekki sé á vísan að róa með veður sýnist mér spáin vera þokkaleg og við gerum ekki ráð fyrir að lenda í vandræðum.“ **- þj**



**JÓLASTEMNING** Ekki ætti að verða röskun á samgöngum um helgina, og í næstu viku hverfur jólasnjórinn sennilega. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Beint frá Grafarvogskirkju:

## Aftansöng sjónvarpað á Stöð 2

**FÓLK Aftansöng í Grafarvogskirkju í kvöld verður sjónvarpað á Stöð 2 og Vísi.is og útvarpað á Bylgjunni, líkt og undanfarin ár.**



**VIGFÚS ÞÓR ÁRNASON**

**Útsendingin verður órugluð og hægt verður að fylgjast með útsendingu um allan heim á Vísi. is. Séra Vigfús Þór Árnason mun predika og þjóna fyrir altari ásamt séra Guðrúnu Karlsdóttur.**

**Kór Grafarvogskirkju syngur undir stjórn Hákonar Leifssonar og Egill Ólafsson mun flytja lagið Ó helga nótt. - þeb**

Breyting í utanríkisþjónustunni:

## Stefán Haukur sinnir bara ESB

**STJÓRNSÝSLA** Utanríkisráðherra hefur ákveðið nokkrar breytingar á utanríkisþjónustunni.

Stefán Haukur Jóhannesson, sendiherra í Brussel og aðalsamningamaður Íslands í aðildarviðræðunum við Evrópusambandið, flyst heim og sinnir eingöngu því verkefni.



**STEFÁN HAUKUR JÓHANNESSON**

Þórir Ibsen, sendiherra í París, verður sendiherra í Brussel og Berglind Ásgeirsdóttir, sem verið hefur í leyfi frá utanríkisþjónustunni, verður sendiherra í París.

Þá færast Anna Jóhannsdóttir og Högni S. Kristjánsson úr embættum skrifstofustjóra í utanríkisþjónustunni í embætti sendiherra. **- bþs**

Viðskiptavinir skili jólakertum:

## Ilva innkallar hættulegt kerti

**NEYTENDUR Verslunin Ilva hefur innkallað öll jólakerti af gerðinni CHRISTMAS, að því er fram kemur í tilkynningu frá versluninni. Það er gert í samráði við forvarnarsvið slökkviliðsins þar sem talið er að kertin geti verið hættuleg við notkun.**

**Viðskiptavinir eru beðnir um að skila kertunum sem þeir kunna að hafa keypt í Ilvu á Korputorgi og fá kertin endurgreidd. - bj**




Við óskum þér gæfu og gleði í hjarta
að getir þú móttekið tíðina bjarta.
Vonandi bíða þín fagnaðarfundir
fagrar og upphafnar hátíðarstundir
svo kætast þú megir með kærum vinum,
kunningjum, fjölskyldu – og öllum hinum.

Í jólum gleði og gæfa liggja
gjafir þeirra skaltu þiggja.
**Okkar hlutverk er að tryggja.**

Vátryggingafélag Íslands hf. | Ármúla 3 | 108 Reykjavík | Sími 560 5000 | vis.is

**GENGIÐ 23.12.2010**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 116,84 | 117,40 |
| Sterlingspund | 179,91 | 180,79 |
| Evra | 153,01 | 153,87 |
| Dönsk króna | 20,53 | 20,65 |
| Norsk króna | 19,482 | 19,596 |
| Sænsk króna | 17,061 | 17,161 |
| Japanskt jen | 1,4077 | 1,4159 |
| SDR | 178,66 | 179,72 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 208,2607

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Nemendum tilkynnt að nám í útstillingum við Iðnskólann í Hafnarfirði verði lagt niður frá næstu áramótum:

# Nemendur afar ósáttir við vinnubrögðin

**MENNTAMÁL** Nemendum á útstillingabraut í Iðnskólanum í Hafnarfirði hefur verið tilkynnt bréflega að nám í greininni verði fellt niður frá og með áramótum.

„Mér finnst þetta ömurlegt, þessi sending kemur til okkar nemendanna korteri fyrir jól,“ segir Elísabet Blöndal, nemandi í útstillingum.

Hún segir aðra nemendur einnig afar ósátta við þessar fyrirvaralausu breytingar. Í bréfi þar sem nemendum var gerð grein fyrir þessari breytingu kemur fram að þeir geti lokið námi frá skólanum af listnámsbraut. Með bréfinu fylgir greiðsluseðill fyrir skólagjöldunum á næstu önn, sem ber að greiða fyrir áramót.

Nemendum er bent á að ræða breytingar á námi sínu við áfangastjóra eða aðstoðarskólameistara, en skrifstofa skólans er lokuð fram til 4. janúar.

„Ég er fyrir mitt leyti búin að senda bréf til menntamálaráðuneytisins og óska eftir því að þeir snúi þessari ákvörðun við. Mér finnst ekki ólíklegt að aðrir nemendur geri það líka,“ segir Elísabet.

Hún hefur ekki gert upp við sig hvort hún borgar skólagjöldin upp á von og óvon um að námið verði ekki fellt niður. „Ég ætla að vona það besta, en ég bíð fram á síðustu stundu með að ákveða hvort ég borga,“ segir Elísabet.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu í gær er þessi breyting ekki gerð í samráði við menntamálaráðuneytið. Aðstoðarmaður menntamálaráðherra segir nemendur eiga rétt á að ljúka því námi sem þeir hafi byrjað á. Heimildir Fréttablaðsins herma að ákvörðun stjórnenda skólans fái ekki að standa. - bj



**DEILUR** Stjórnendur Iðnskólans í Hafnarfirði segja nám í útstillingum lagt niður vegna niðurskurðar. Áralangar deilur þess kennara sem sér um námið við fráfarandi skólameistara benda til annars. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA



**Á BRAUTINNI** Vegtollar voru innheimtir á Reykjanesbraut á árum áður og nú er í skoðun að taka þá upp að nýju. FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

Mótmæla harðlega tollum:

## Vegtollur hrein og klár svik

**SAMGÖNGUR** Bæjarstjórn Reykjanesbæjar mótmælir alfarið öllum hugmyndum um vegtoll á Reykjanesbraut en í skoðun er að setja vegtolla á stofnbrautir út frá Reykjavíkurborg.

„Í aðdraganda framkvæmda við tvöföldun Reykjanesbrautar var margoft rætt um mögulega vegatolla en slíkum hugmyndum var ávallt mótmælt af íbúum Suðurnesja,“ segir í ályktun.

„Nýframkomnar hugmyndir um vegagjald á Reykjanesbraut væru því hrein og klár svik við íbúa Suðurnesja og um leið afar ósanngjarn skattur á íbúa og atvinnulíf á Suðurnesjum,“ segir þar enn fremur. - bj

**LÖGREGLUMÁL**

### Réðust á mann í Aðalstræti

Þrír menn réðust að manni um eittleytið í fyrrinótt. Hann var að bíða eftir leigubifreið ásamt félaga sínum í Aðalstræti til móts við Hótel Plaza. Hurð á hótelinu skemmdist í atganginum. Sá sem varð fyrir árásinni var margsleginn í andlit og víðar um skrokkinn og þurfti aðhlynningu á slysadeild. Árásarmennirnir komust undan.

# Gæludýrin missa heimili sín vegna fjárhagsvanda eigenda

**Margir hafa ekki efni eða aðstæður til að halda gæludýrin sín lengur vegna kreppunnar, segir Valgerður Valgeirsdóttir, formaður Dýrahjálpar. Fleiri dýr þurfa á nýju heimili að halda og fá hjálp samtakanna.**

**DÝRAHALD** Dýrahjálp hefur útvegað rúmlega 1.250 dýrum heimili frá því að samtökin hófu starfsemi í maí 2008.

„Það eru alltaf einhver dýr, sem ella hefði þurft að svæfa, á fósturheimilum hjá okkur,“ segir Valgerður Valgeirsdóttir, viðskiptafræðingur og formaður Dýrahjálpar. Um 500 fósturheimili eru skráð hjá samtökunum og taka við dýrum sem fólk hefur þurft að losa sig við. „Oft eru þetta frábær dýr með æðislega skapgerð sem hafa glatt nýja eigendur þegar þangað er komið.“

Dýrahjálp selur nú nýtt dagatal, með myndum af dýrum sem hafa fengið nýjan samastað. Saga þeirra er sögð og greint frá góðu lífi á nýju heimili.

Valgerður segir að aðrar ástæður séu nú en áður fyrir því að fólk þurfi að losa sig við gæludýr sín. „Ég myndi halda að þetta sé birtingarmynd dýrahalds í kreppunni af því að fólk hefur ekki efni á eða aðstæður til að eiga dýrin lengur. Svo koma inn ástæður eins og flutningur í húsnæði þar sem ekki má hafa dýr eða flutningar til útlanda. “

Einnig er talsvert um að fólk átti sig ekki á því að það er mikil skuldbinding að taka að sér dýr, að því er Valgerður greinir frá. Þetta á einkum við um ketti. „Það er kostnaðarsamt að halda gæludýr. Það þarf að skrá þau, bólusetja reglulega, örmerkja og fleira sem til fellur. Það er ábyrgðarhluti að fá sér dýr,“ segir Valgerður, „og það má ekki vera skyndiákvörðun.“ jss@frettabladid.is

**Dýr sem fengið hafa ný heimili**

**– frá stofnun Dýrahjálpar í maí 2008**

| | |
|---|---|
| Hundar | 484 |
| Kettir | 558 |
| Kanínur | 85 |
| Hamstrar | 15 |
| Fuglar | 43 |
| Mýs | 3 |
| Naggrísir | 55 |
| Fiskar | 6 |
| Önnur dýr | 2 |



**VALGERÐUR VALGEIRSDÓTTIR** Formaður Dýrahjálpar segir að það megi ekki vera skyndiákvörðun að fá sér gæludýr. Fósturheimilin séu Dýrahjálp ómetanleg aðstoð. Fólk getur skráð sig á heimasíðunni www.dyrahjalp.is.

## Missti allt sitt á einum degi

Hundurinn Spotti, sem dvalið hefur á fósturheimili Dýrahjálpar frá því í ágúst, missti allt sem hann átti á einum degi. Tík sem var á heimili með honum, ári eldri en hann og besti félagi fékk krabbamein þegar flytja átti þau tvö á fósturheimilið. Það varð því að svæfa hana og sama dag varð Spotti að sjá á bak eiganda sínum frá upphafi og heimili sínu, því eigandinn þurfti að flytja til foreldra sinna, þar sem ekki var hægt að hafa hunda.

Í dag er hann svo árásargjarn við aðra hunda, að til vandræða horfir.



**HUNDURINN SPOTTI** Ásamt fóstru sinni Guðrúnu Jónsdóttur og Jóni Orra Arnssyni.

Verið er að vinna í því í samstarfi við hundaþjálfara og dýraatferlisfræðing.

Spotti hefur frá því í ágúst fengið tvær fjölskyldur sem tóku hann að sér en það gekk ekki upp af ýmsum ástæðum og fór hann því á fósturheimilið aftur.

„Hann er yndislegur á heimili, skapgóður, rólegur, skemmtilegur og hlýðinn,“ segir Guðrún Jónsdóttir, fóstra Spotta. „Hann hefur alla eiginleika góðs heimilishunds nema þennan galla.“

Nú er verið að gera lokatilraun til að finna heimili fyrir Spotta.






## VEÐURSPÁ



**Elísabet Margeirsdóttir** veðurfréttamaður

**GLEÐILEG JÓL!**
Það lægir smám saman syðra er líður á daginn og undir kvöld verður komið hið fínasta veður um allt land. Víða stjörnubjart og stillt veður um norðanvert landið þegar jólin ganga í garð en sunnan til má búast við stöku éljum en snjókomu suðaustanlands.



Á MORGUN JÓLADAG
Vaxandi A-átt.

ANNAR Í JÓLUM
Hvöss SA-átt.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 13° |
| Basel | 5° |
| Berlín | 0° |
| Billund | -3° |
| Frankfurt | 0° |
| Friedrichshafen | -2° |
| Gautaborg | -2° |
| Kaupmannahöfn | -2° |
| Las Palmas | 20° |
| London | 0° |
| Mallorca | 15° |
| New York | 3° |
| Orlando | 19° |
| Ósló | -14° |
| París | 0° |
| San Francisco | 13° |
| Stokkhólmur | -7° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*
**ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*
**RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is*

# Gleðileg Jól



*Óskum landsmönnum öllum gleðilegra jóla*

**OPNUNARTÍMI VERSLANA:**

**24. desember**
Opið til 16:00 í Skeifunni og Garðabæ
Opið 09:00 - 15:00 í Smáralind
Opið 09:00 - 14:00 í Holtagörðum, Kringlunni, Spöng, Eiðistorgi og á Akureyri
Opið 09:00 - 12:00 í Borgarnesi og Njarðvík

**25. desember**
LOKAÐ

**26.desember**
Opið frá kl.11:00 í Skeifunni og Garðabæ
Aðrar verslanir – Lokað

**27.desember**
Opið allan sólarhringinn í Skeifunni og Garðabæ
Opið 11:00 – 20:00 í Holtagörðum, Kringlunni, Smáralind, Spöng, Eiðistorgi og á Akureyri
Opið 12:00 – 18:00 í Borgarnesi og Njarðvík

Nánari upplýsingar um opnunartímann má finna inn á www.hagkaup.is



*Einfalt að skila og skipta!*




**HAGKAUP**
*Ein ferð betra verð*

## KJÖRKASSINN



*Þekkir þú einhvern sem þurfti að leita til hjálparsamtaka í desember?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 26,3% |
| NEI | 73,7% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Borðaðir þú skötu á Þorláksmessu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

visir

Sveinn Bjarki Brynjarsson bar sigur úr býtum í ljósmyndakeppni Fréttablaðsins:

# Fékk myndavél í verðlaun

**FÓLK** Sveinn Bjarki Brynjarsson, sextán ára ljósmyndari úr Árbæ, tók við verðlaunum fyrir bestu ljósmyndina af tunglmyrkvanum fyrr í vikunni í gær. Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, afhenti Sveini verðlaunin, myndavél, í húsakynnum Fréttablaðsins.

„Mér fannst þetta frekar flott mynd og átti von á því að vera ofarlega en ekki vinna," segir Sveinn Bjarki. Hann stundar nám við MS og æfir fótbolta auk þess að hafa áhuga á ljósmyndun. „Pabbi minn er ljósmyndari og gaf mér gömlu vélina sína fyrir einu og hálfu eða tveimur árum og ég er búinn að vera að leika mér með hana." Sveinn Bjarki heyrði auglýsingu um keppnina í útvarpinu morguninn sem tunglmyrkvinn varð. „Ég ákvað að drífa mig bara út. Pabbi vaknaði svo seinna og kom með hugmyndina um að hafa fólk inni á myndinni," segir Sveinn Bjarki. **- þeb**




**TEKIÐ VIÐ MYNDAVÉLINNI** Ólafur Stephensen, ritstjóri Fréttablaðsins, afhenti Sveini myndavélina í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Landsvirkjun á nú 96,7%:

# Kaupir hlut í Þeistareykjum

**ORKUMÁL Landsvirkjun hefur keypt fjögurra prósenta hlut Þingeyjarsveitar í einkahlutafélaginu Þeistareykjum ehf. Kaupverðið er um tvær milljónir Bandaríkjadala.**

**Landsvirkjun á eftir kaupin 96,7 prósent í félaginu. Orkuveita Húsavíkur á 3,2 prósent og Þingeyjarsveit 0,087 prósent. Þeistareykir ehf. ætla að halda áfram rannsóknum á jarðhitasvæðinu að Þeistareykjum á næsta ári. Félagið gerir ráð fyrir því að fjárfesta í rannsóknum og undirbúningsframkvæmdum fyrir um 720 milljónir á næsta ári. - þeb**



**VIÐ SVISSNESKA SENDIRÁÐIÐ** Ítalska lögreglan mætir á vettvang. NORDICPHOTOS/AFP

Sprengjurárásir í Róm:

# Árásum beint að sendiráðum

**ÍTALÍA, AP Bögglasprengjur sprungu í sendiráðum Sviss og Síle í Róm í gær, með þeim afleiðingum að tveir menn særðust.**

**Einnig bárust fregnir af grunsamlegri póstsendingu í sendiráði Úkraínu þar í borg. Ákveðið var að kanna þegar í stað allan póst sem erlendum sendiráðum í borginni hafði borist.**

**Gianni Alemanno, borgarstjóri í Róm, sagði lögregluna telja að árásirnar væru alþjóðlegar í eðli sínu, ekki innlendar.**

**Sprengingin í svissneska sendiráðinu varð um hádegisbil, en þremur stundum síðar sprakk sprengjan í sendiráði Síle. - gb**

# Útgjöldin lækka um 50 milljarða milli ára

**Ríkisútgjöld næsta árs verða 510 milljarðar króna samkvæmt nýsamþykktum fjárlögum. Það er 50 milljörðum króna lægri fjárhæð en á árinu sem er að líða.**

**STJÓRNMÁL** Í fjárlögum næsta árs er gert ráð fyrir að útgjöld ríkisins verði 510 milljarðar króna. Á árinu sem er að líða námu ríkisútgjöld 560 milljörðum. Tekjur ríkisins verða 472 milljarðar á næsta ári en voru 478 milljarðar í ár.

Þetta kemur fram í Hagfréttum Alþingis sem upplýsingaþjónusta þingsins gefur út.

Í þeim segir að samkvæmt fjárlögum verði halli ríkissjóðs á næsta ári rúmir 37 milljarðar sem sé lítils háttar hækkun frá frumvarpinu. „Venjulega hafa fjárlög hækkað töluvert í meðförum þingsins og sá góði ásetningur að ná jöfnuði, eða jafnvel tekjuafgangi, farið fyrir lítið. Nú er annað uppi á teningnum enda hefur ríkisstjórnin í samvinnu við AGS lagt ríka áherslu á að koma á rammafjárlögum og þrátt fyrir töluverðar breytingar á fjárlögunum breyttist ramminn ekki að neinu ráði," segir í Hagfréttum.

Þá er á það bent að venjan hafi verið sú að fjáraukalög hafi falið í sér töluverðan útgjaldaauka. „Nú brá svo við að útgjaldarammminn dróst saman um rúmar 900 milljónir króna. Tekjuliðurinn hækkaði hins vegar um tæpa sextán milljarða. Jöfnuður ársins 2010 á samkvæmt lögum að vera neikvæður um rúma 82 milljarða en var neikvæður um tæpa 99 milljarða." Í Hagfréttunum segir enn fremur að þess séu fá, ef nokkur dæmi, að tekjur aukist milli samþykktar fjárlaga og fjáraukalaga. **bjorn@frettabladid.is**

**Helstu tekjustofnar og útgjöld ráðuneyta 2008-2011**

| Helstu tekjustofnar | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 |
|---|---|---|---|---|
| Skattar einstaklinga | 133,0 | 103,5 | 119,2 | 114,0 |
| Skattar lögaðila | 32,9 | 22,7 | 30,9 | 33,8 |
| Tryggingagjald | 40,8 | 38,9 | 62,3 | 62,1 |
| Virðisaukaskattur | 134,2 | 119,6 | 126,9 | 132,0 |
| Aðrir skattar | 72,7 | 81,7 | 81,7 | 92,5 |
| Aðrar tekjur | 58,6 | 50,9 | 56,7 | 38,1 |
| Samtals | 472,2 | 417,3 | 477,7 | 472,5 |

**Útgjöld**

| Ráðuneyti | 2008 | 2009 | 2010 | 2011 |
|---|---|---|---|---|
| Æðsta stjórn | 3,6 | 3,8 | 3,8 | 3,5 |
| Forsætisrn. | 2,5 | 1,1 | 0,9 | 0,9 |
| Mennta- & menn.rn. | 55,8 | 59,6 | 60,0 | 57,1 |
| Utanríkisrn. | 9,8 | 11,5 | 13,1 | 10,8 |
| Sjávar- & landb.rn. | 18,6 | 19,2 | 19,5 | 18,6 |
| Innanríkisrn. | 76,8 | 75,3 | 66,7 | 59,1 |
| Velferðarrn. | 195,3 | 230,9 | 225,0 | 209,4 |
| Fjármálarn. | 274,6 | 61,3 | 83,7 | 61,6 |
| Iðnaðarn. | 5,9 | 6,3 | 6,4 | 5,0 |
| Efnah.- & viðsk.rn. | 2,6 | 2,8 | 3,2 | 3,3 |
| Umhverfisrn. | 6,9 | 7,5 | 7,2 | 6,8 |
| Vaxtagjöld | 35,5 | 89,4 | 70,3 | 73,7 |
| Samtals | 687,9 | 568,7 | 559,8 | 509,8 |

Tölur eru í milljörðum króna. Heimild: Hagfréttir



**HEIÐRAÐIR** Nikulás A. Halldórsson, skipstjóri á Goðafossi (til vinstri), tekur við viðurkenningu úr hendi Gylfa Sigfússonar, forstjóra Eimskips.

Áhöfnin á Goðafossi heiðruð:

# Hetjudáð við slökkvistarf

**SAMGÖNGUR** Áhöfnin á Goðafossi, skipi Eimskipafélagsins, var í gær heiðruð fyrir hetjulega framgöngu við slökkvistörf þegar eldur kom upp í skipinu 30. október síðastliðinn.

Í tilkynningu frá Eimskipi segir að öguð vinnubrögð og snarræði áhafnarinnar hafi skipt sköpum um að hvorki urðu slys á mönnum né alvarlegt tjón á skipinu vegna brunans.

Þar er haft eftir Gylfa Sigfússyni, forstjóra Eimskips, að áhöfnin hafi unnið hetjulegt björgunarstarf við einar verstu aðstæður sem hægt sé að hugsa sér.




*Hátíðarkveðja frá MP banka*

*Við óskum viðskiptavinum okkar og samstarfsaðilum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári með þökkum fyrir viðskiptin á því sem er að líða.*

*Árlegur styrkur MP banka til góðgerðarfélags, sem viðskiptavinir tóku þátt í að velja, fer til Einstakra barna, stuðningsfélags barna með sjaldgæfa sjúkdóma eða skerðingar.*

*Starfsfólk MP banka*

MP BANKI

Ármúla 13a | Borgartúni 26 | 540 3200 | www.mp.is


JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA
Gleðileg jól og
gæfuríkt komandi ár
Starfsfólk ISAL í Straumsvík og Rio Tinto Alcan óska
landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar með kærum
þökkum fyrir gifturíkt samstarf í fjóra áratugi.
Rio Tinto Alcan
Straumsvík
Pósthólf 244
222 Hafnarfjörður
Sími 560 7000
www.riotintoalcan.is
Rio Tinto Alcan

**VEISTU SVARIÐ?**



1. *Hvað munu bækur seljast fyrir marga milljarða á árinu?*
2. *Hvað er Bubbi Morthens búinn að missa mörg kíló í átaki sínu?*
3. *Hvaða íslenski poppari á söluhæstu plötu ársins?*

SVÖR

*1. 5 milljarða. 2. Tólf. 3. Helgi Björnsson.*

### Karlmaður á fimmtugsaldri bíður örlaga sinna eftir eignaspjöll:

# Skap-Ofsi til ákæruvaldsins

**DÓMSMÁL** Mál málningarslettumannsins sem kallað hefur sig Skap-Ofsa er komið til ákæruvalds lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu. Þar verður tekin ákvörðun um hvort maðurinn verður ákærður fyrir eignaspjöll eður ei.

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu handtók Skap-Ofsa í janúar og linnti málningarslettunum eftir handtökuna.

Rannsókn lögreglu á tölvubúnaði mannsins, tölvum, myndavélum og minniskubbum leiddi í ljós að þaðan var meðal annars sent myndband á vefinn YouTube, þar sem sýnd voru hús auðmanna eftir að skvett hafði verið á þau rauðri málningu. Auk tölvubúnaðarins fannst á heimili mannsins eitthvað af málningu.

Maðurinn var handtekinn í kjölfar þess að rauðri málningu hafði verið slett á hús í eigu fyrrverandi bankastjóra Kaupþings, Hreiðars Más Sigurðssonar. Það var síðari hluta janúarmánaðar. Þá hafði rauðri málningu meðal annars verið slett á hús Bjarna Ármannssonar, Birnu Einarsdóttur, Hannesar Smárasonar, Björgólfs Guðmundssonar, Karls og Steingríms Wernerssona og Lárusar Welding.



**VÍÐFÖRULL** Skap-Ofsi kom víða við á athafnaskeiði sínu, meðal annars hjá Karli Wernerssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Maðurinn er á fimmtugsaldri og hefur komið við sögu lögreglu áður. **-jss**

### Rússar kátir með samning:

# Bandaríkjaþing fær hrós Rússa

**RÚSSLAND, AP** Dmitrí Medvedev Rússlandsforseti fagnaði í gær ákvörðun Bandaríkjaþings um að staðfesta nýjan samning um fækkun kjarnorkuvopna, sem kemur í stað fyrir START-samningsins frá 1991. Medvedev undirritaði samninginn ásamt Barack Obama Bandaríkjaforseta síðastliðið vor.

Rússneska þingið á enn eftir að staðfesta samninginn, en búist er við því að það verði gert á næsta ári. Medvedev segir þó að öldungadeild þingsins þurfi að fara vel yfir hann fyrst. **- gb**




Öðlingur og Ljúflingur þakka frábærar móttökur!

Ný sending kemur í verslanir milli jóla og nýárs.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**

Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




Allt sem þú þarft...



**FAGNA RÉTTLÆTI** Mæðurnar á Mayo-torgi lýstu ánægju sinni með niðurstöðu dómstólsins, þótt síðbúin sé. NORDICPHOTOS/AFP

# Síðbúnu réttlæti fagnað í Argentínu

**Fyrrverandi einræðisherra Argentínu dæmdur í ævilangt fangelsi, orðinn 85 ára gamall. Stjórnaði „óhreina stríðinu“ gegn vinstri mönnum og bar ábyrgð á mannshvörfum, pyntingum og morðum.**

**ARGENTÍNA, AP** Jorge Videla, leiðtogi herforingjastjórnarinnar í Argentínu árin 1976-81, var í gær dæmdur í ævilangt fangelsi fyrir pyntingar og morð á 31 fanga, sem flestir voru á sínum tíma sagðir hafa verið „skotnir á flótta“ fyrstu mánuðina eftir byltingu herforingjanna.

Ættingjar og ástvinir fanganna myrtu fögnuðu ákaft niðurstöðu dómsins.

„Réttlætið er það eina sem við eigum eftir í lífinu,“ segir Nair Amuedo, ein mæðranna frá Plaza de Mayo, samtökum mæðra sem barist hafa áratugum saman fyrir því að herforingjarnir yrðu látnir gjalda fyrir verk sín.

„Að minnsta kosti eru þessir morðingjar fordæmdir fyrir það sem þeir eru,“ segir hún.

Videla var leiðtogi herforingjabyltingarinnar árið 1976. Hann stjórnaði síðan glæpaverkum herforingjastjórnarinnar næstu fimm árin og er talinn helsti forsprakki „óhreina stríðsins“, sem fólst í því að þúsundir manna voru „látnar hverfa“.

Herinn beindi þar spjótum sínum að vopnuðum skæruliðum, sem börðust gegn herforingjastjórninni, og öllum sem sýndu málstað uppreisnarmanna minnsta skilning. Líklegt þykir að flestir þeirra sem „hurfu“ hafi verið teknir af lífi.

Dómstóllinn komst að þeirri niðurstöðu að Videla hefði borið ábyrgð á dauða fanganna, sem voru fluttir úr venjulegu fangelsi yfir í annað húsnæði þar sem þeir voru pyntaðir hvað eftir annað áður en þeir voru drepnir.

Við réttarhöldin sýndi Videla enga iðrun, heldur sagði að almenningur í Argentínu hefði á sínum tíma krafist



**SÖKUDÓLGURINN** Leiðtogi herforingjastjórnarinnar segir að hryðjuverkamenn ráði nú lögum og lofum í Argentínu. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

þess að stjórn herforingjanna léti til skarar skríða gegn skæruliðunum til að koma í veg fyrir að marxistar næðu völdum með stjórnarbyltingu. Hann kvartaði einnig undan því að „hryðjuverkamenn“ væru nú við völd í landinu.

Videla hefur áður hlotið ævilangt fangelsi fyrir brot gegn mannkyninu. Þá fékk hann að afplána dóminn í þægilegu húsnæði og slapp út eftir fimm ár þegar Carlos Menem, þáverandi forseti, náðaði hann og aðra leiðtoga herforingjastjórnarinnar. Í þetta skiptið þarf Videla að sitja í venjulegu fangelsi innan um aðra glæpamenn. Hann á auk þess fleiri réttarhöld í vændum, því enn bíða hans meira en tíu dómsmál vegna glæpa herforingjastjórnarinnar.

gudsteinn@frettabladid.is




**TRYGGINGAMIÐSTÖÐIN** / Sími 515 2000 / tm@tm.is / **www.tm.is**

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Fæðing Krists er mikilvægasti atburður sögunnar.

## Sagan á bak við jólaskapið

Fæðingu Jesú Krists í Betlehem fyrir rúmum tveimur árþúsundum má kalla mikilvægasta atburð mannkynssögunnar, enda miðum við tímatal okkar við hann. Kristindómurinn hefur skipt meira máli en nokkur önnur trúarbrögð eða hugmyndafræði. Heimsveldi þess tíma er Kristur fæddist, Rómaveldi, er löngu liðið undir lok, svo og fjöldamörg önnur ríki sem síðan hafa kallað sig heimsveldi, en kristindóminn aðhyllist nú þriðjungur mannkynsins, um 2,2 milljarðar manna um allan heim. Það eru fleiri en nokkru sinni hafa heyrt undir nokkurn jarðneskan kóng eða keisara.

SKOÐUN
Ólafur Þ. Stephensen
olafur@frettabladid.is



Ein ástæða þess að kristin trú hefur náð slíkri útbreiðslu er áhrifamáttur þeirrar einföldu sögu, sem flutt verður af prédikunarstólnum í kirkjum landsins í kvöld. „Verið óhræddir, því sjá, ég boða yður mikinn fögnuð, sem veitast mun öllum lýðnum; því að yður er í dag frelsari fæddur, sem er Kristur Drottinn, í borg Davíðs,“ var boðskapur engilsins sem birtist fjárhirðunum á Betlehemsvöllum. Jólaguðspjallið undirstrikar rækilega að fagnaðarerindinu er beint til allra. Fyrstu móttakendur þess voru ekki fyrirmenni heldur fjárhirðar í haganum. Frelsarinn var lítið, bjargarlaust barn og foreldrarnir alþýðufólk, sem hafði komið að lokuðum dyrum í gistihúsum bæjarins. Enginn hefur hins vegar markað dýpri spor í söguna en sá sem var nýfæddur lagður í heyið.

Boðskapur Krists hefur mótað heimssöguna í tvö þúsund ár og Íslandssöguna í meira en árþúsund. Við þurfum ekki annað en að horfa á ytri tákn íslenzks þjóðernis; krossfánann, skjaldarmerkið og þjóðsönginn sem upphaflega var kallaður „Lofsöngur“ til að átta okkur á að Ísland er að uppistöðu kristið samfélag. Kristin gildi móta sömuleiðis alla okkar menningu og hefðir, lífsviðhorf og hugsunarhátt.

Sjaldan er þetta skýrara en á jólahátíðinni, sem nú má kalla hátíðahöld í heilan mánuð á dimmustu dögum ársins. Ef fagnaðarerindið um fæðingu Krists væri tekið út úr myndinni væri allt tilstandið tilgangslaust, óskiljanlegt og hlægilegt. Fögnuðurinn yfir fæðingu frelsarans er það sem stendur á bak við jólaskapið, þessa þykku, hlýju tilfinningu samansoðna úr náungakærleika, gjafmildi, þakklæti, friðsemd og fastheldni við hefðir samfélags og fjölskyldna.

Ef fæðing Krists er tekin út úr myndinni vitum við ekki hver við erum eða hvaðan margt það bezta, fegursta og lífseigasta í menningu okkar, þjóðlífi og fjölskyldulífi er upprunnið. Kirkjan, umboðsskrifstofa Krists í veröldinni, kann að vera ófullkomin og full af mannlegum misskilningi og breyzkum þjónum en kjarni, grundvöllur og uppruni trúarbragða okkar stendur óhaggaður.

Það er þessi kjarni, jólaboðskapurinn, sem við fögnum í kvöld. Vonandi eiga sem allra flestir sína hlutdeild í þeim fögnuði.

*Gleðileg jól!*

FRÉTTABLAÐIÐ
**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

Við óskum landsmönnum gleðilegra jóla og þökkum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða.
IÐA

Opið frá 9 til 16 á aðfangadag
★Gjafabréf frá IÐU á alltaf erindi★
Lækjargata 2a 101 R. sími 511-5001 opið alla daga 9.00 - 22.00

HALLDÓR




## Hvað eru jólin?

Jólahugvekja
Karl Sigurbjörnsson
biskup Íslands



Eru jólin heiðin eða kristin? Þessi spurning kemur einlægt upp í nánd jólanna. „Jólin eru hvort sem er bara heiðin miðsvetrarhátíð,“ sagði ungi maðurinn og yppti öxlum með brosi á vör. „Bara - “? Nei, jólin eru ekkert „bara“.

Tákn og hefðir jólanna eru af ýmsum toga og úr ýmsum áttum, ræturnar kvíslast víða í jarðvegi menningar, trúar. Þær verða seint raktar sundur og seint munum við finna hinn hreina tón og taug. Það er þessi blanda hefðanna, hámenningar og lágkúru, heiðni og kristni, tilfinningasemi og göfgi, ævintýra og goðsagna, visku og hjátrúar, dellu og speki. Lúkas og Matteus, Matthías Jochumsson, Jóhannes úr Kötlum, Dickens, Jólablót og Betlehem, jólasveinar, hirðar og englar, allt eru þetta þættir í hinni hlýju voð jólanna. Svo eru það hefðir, skyldur, langanir, þrár, dulúð og helgi í bland við harðan og kaldan þessa heims „raunveruleika“. Ég er samt sannfærður um að við komumst aldrei nær kjarna málsins en móðir þjóðskáldsins þegar hún sagði drengnum sínum:

„Þessa hátíð gefur okkur Guð, Guð hann skapar allan lífsfögnuð.“

Jólin brúa bil milli fólks, kynslóða, gefa okkur vitund fyrir því að tilheyra samfélagi sögu og minninga og tengja okkur við rætur trúarinnar. Jólin eru tími minninga, minninga um fyrri jól, um himneska birtu og saklausa sælu, um gleðistundir og stundir sorgar og saknaðar, minningar um gjafir og eins um missi. Svona eru jólin, þau faðma þetta allt.

Engin hátíð jafnast á við jól þar sem svo margir safnast saman um sama boðskap og sömu bæn. Enda setja þau mark sitt á þjóðlífið allt, tökum eftir því! Og það er ekkert bara. Við grípum til strengjanna sem innst og dýpst liggja og þreifum á barnslegu öryggi þegar helgi jólanætur er yfir og allt um kring og kvíði, áhyggja og órósemi hjartans og kröfurnar þungu eru svo fjarri. Og við njótum fegurðar í ljósum og hljómum og hrífandi söng. Þér finnst þetta ef til vill einber tilfinningasemi án viðfestu við harðan raunveruleikann. Nei, það er það ekki, þetta er raunveruleikinn! Þetta er lífið. Hvað er raunverulegra en lítið barn? Hvað er sannara, meira ekta en hinar blíðu kenndir umhyggju og kærleika, samkenndar, sáttar og friðar, trúar og vonar?

> Tákn og hefðir jólanna eru af ýmsum toga og úr ýmsum áttum, ræturnar kvíslast víða í jarðvegi menningar, trúar. Þær verða seint raktar sundur og seint munum við finna hinn hreina tón og taug.

Og meir en það. Í jólaguðspjallinu eru þau meginstef sem benda á það sem helst er ógnað og um það sem helst má blessun valda, þar er áleitin siðferðisleg skírskotun og áminning til okkar allra. Meðganga og fæðing, börn og fjölskylda, ríki og samfélag, jörðin, umhverfi og lífsrými manneskjunnar. Og í miðdepli þess alls barnið í jötunni. Barnið sem fæddist á dimmri nóttu fyrir okkur öll, frelsari heimsins, sem fæddist á dimmri nóttu vegna okkar, sem einatt erum í myrkri af ýmsum toga. Það getur krafist talsverðrar leitar að finna hann, um það vitna hirðarnir og vitringarnir, en það er vel þess virði að leita.

Jólin eru ekkert „bara“.

Leyfum okkur að hrífast og njóta í helgri kyrrð við jötu jólabarnsins. Leyfum yndisleik jólanna að snerta við okkur eins og milda englavængi, og laða okkur að birtu og fegurð himnanna.

Látum þessa helgu hátíð færa okkur nær hvert öðru er við nálgumst leyndardóminn sem jólin fagna og boða. Látum hana næra og glæða hin góðu gildi er við leitumst við að gera öðrum gott, gleðja aðra og auðga líf annarra, sérstaklega þeirra fátæku og þeirra sem halloka fara. Látum boðskap jólanna lifa í okkur og með okkur og speglast til annarra af viðmóti okkar, ásjónu, afstöðu, verkum er við tökum undir bænina sem sameinar hinn kristna heim á helgum jólum: Friður á jörðu, friður í hjarta, friður frelsarans Jesú með öllum mönnum.

*Gleðileg jól!*

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Henry Birgir Gunnarsson *henry@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*



# Gleðileg jól

Bestu óskir um gleðilega hátíð og farsælt komandi ár.
Þökkum samskiptin á árinu sem er að líða.

*Steinhúsið á Sómastöðum var hlaðið árið 1875 og múrað saman með jökulleir. Hans Jakob Beck útvegsbóndi lét reisa húsið, sem er nú hluti húsasafns Þjóðminjasafns Íslands. Þjóðminjasafnið, í samstarfi við húsafriðunarnefnd, stóð fyrir gagngerri viðgerð á húsinu á árunum 2008–2010. Viðgerðin naut styrks Samfélagssjóðs Alcoa.*

ÍSLENSKA SIA.IS ALC 48442 12/09

www.alcoa.is

Alcoa Fjarðaál

ALCOA

# Ófá dæmi um Lé í okkar umhverfi

**Arnar Jónsson** er Lér konungur í jólasýningu Þjóðleikhússins sem frumsýnd verður á annan í jólum. Hann segist vera heltekinn af Lé, enda sé það hlutverk fyrir leikara líkt og að klífa Everest. *Friðrika Benónýsdóttir* ræddi við Arnar um Lé, leikhúsið og lífið.



**LÉR ALLSRÁÐANDI** „Núna rúmast ekkert mikið meira í hausnum á manni heldur en Lér, þessi kallskratti. Og ef hann gengur ekki af mér dauðum þá er ég bara mjög heppinn maður," segir Arnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Venjan er að flokka Lé konung með harmleikjum Shakespeares en Arnar setur spurningarmerki við þá skilgreiningu. „Samkvæmt kenningum Jans Kott er Lér konungur kannski nær því að vera skrípileikur en skilin milli harmleiks og skrípileiks eru oft ógreinileg hjá Shakespeare og Lér konungur nær því að vera skrípileikur," segir Arnar. „Það skiptir engu hvað þú ert með á hendi eða hvað þú setur út, það er allt jafn slæmt. Þetta er veröld þar sem allir kostir eru vondir."

**Óttinn við að missa karlmennskuna**

Arnar segir að upphafssena Lés konungs beri öll einkenni skrípileiksins. „Sérstaklega ef maður ætlar nú að fara að skoða þetta út frá einhverjum sálfræðilegum sennileika. Þá gengur þetta auðvitað alls ekki upp. Þessi gífurlega valdamikli konungur sem efnir til eins konar mælskukeppni meðal dætra sinna um það hver þeirra elski hann mest og ætlar að láta úrslitin í þeirri keppni ráða því hvernig hann skiptir ríkinu. Þetta er náttúrulega bilað. Hræsnin hjá Regan og Goneril er líka augljós, þannig að í upphafi verks virðist þessi mikli konungur vera allt í senn broslegur, barnalegur og fávís. Maðurinn er reyndar áttræður og sú hugsun læðist að manni hvort hann sé kominn með snert af Alzheimer, eða ræður óttinn við dauðann og það að vera að missa alla karlmennsku gerðum hans? Þetta er konungur sem finnst alveldið jafn sjálfsagt og sólin; það bara er og getur ekki horfið og þótt hann afsali sér völdum að nafninu til ætlar hann samt að halda áfram að ráðskast með alla og njóta þeirrar virðingar og fríðinda sem konungdómi fylgja. Lér á þetta sammerkt með ótal valdamönnum fyrr og síðar og má finna ófá dæmi í okkar eigin umhverfi.

Verkið fjallar um leiðina að endalokunum – dauðanum, sem felur óhjákvæmilega í sér að missa völdin og það er fíflið, þetta einstaka fífl sem veit að hann er fífl, sem setur spegilinn upp að andliti konungs og neyðir hann til að horfast í augu við sjálfan sig. Segir meira að segja á einum stað að ef Lér fatti ekki að hann sé fífl, sé hann nú auma fíflið.

Þetta er eina verk Shakespeares þar sem enginn er eftir til að taka við ríkinu í lok verksins. Það kemur enginn Fortinbras til að taka við eins og í Hamlet. Sá heimur sem verkið fjallar um líður undir lok og að því leyti talar verkið beint til okkar, sem erum á einhvers konar endastöð, því veröldin sem var er horfin. Það er verið að reyna að berja í brestina en ólíklegt að hún verði söm og jöfn. Ekki bara vegna bankahrunsins heldur erum við þar komin að annaðhvort steypumst við fram af eða við verðum að taka okkur taki."

**Bernsk leikhúsþjóð**

„Haft er eftir einum samleikara Arnars í Lé að þetta verði hlutverkið sem hans verði minnst fyrir, hvernig líður honum með slík ummæli eftir sinn glæsta feril? „Kannski man einhver best eftir hundinum Snata í Krummagulli, en Lér er held ég draumahlutverk allra karlleikara. Það sem er erfitt við hann er að þú getur ekki leikið þetta hlutverk fyrr en þú ert kominn á vissan aldur. Ég held að Laurence Olivier hafi sagt, eftir að hafa leikið Lé tvisvar, að í fyrra sinnið hafi hann verið of ungur en orðinn of gamall í seinna skiptið. Svo kemur bara í ljós hvar ég er staddur, ég veit ekkert um það. En varðandi spurninguna, þá er ómögulegt að segja neitt um það hvers fólk muni minnast. Í gegnum tíðina hefur fólk komið til mín og minnst margvíslegra hlutverka sem ég hef leikið. Fólk man enn eftir mér bæði í Gísl og Galdra-Lofti, síðan í eldgamla daga eða þá Þorleifi Kortssyni í Skollaleik og svo eru það til dæmis Pétur Gautur, Abel Snorko, Bjartur og Kaj Munk, til að nefna nokkur. Þannig að það er gjörsamlega ómögulegt að segja til um það hvers fólk minnist."

Þrátt fyrir að hafa verið á sviðinu í nærri hálfa öld hefur Arnar sárasjaldan leikið í verkum eftir Shakespeare.

> Þegar öll völd liggja á einni hendi er hætt við að fólk beri ekki næga ábyrgð á eigin starfi og þá fer að molna undan í mörgu tilliti. Auk þess er hætt við að slíkt umhverfi leiði til þöggunar og kjarkleysis.

Kann hann einhverja skýringu á því? „Það er góð spurning. En þú verður að spyrja þessa leikhússtjóra sem ég hef verið hjá í gegnum tíðina, sem eru nú orðnir nokkuð margir, að því. Þeim láðist reyndar alveg að spyrja mig hvað mig langaði að gera. Það hefur bara einhvern veginn sjaldan orðið. Ég lék Malvólíó í Þrettándakvöldi í fyrra, en það var samvinnuverkefni Þjóðleikhússins og nemendaleikhúss LHÍ og var kannski ekki endilega hugsað fyrir mig. En auðvitað snýst þetta ekki um að leikhússtjórar hafi markvisst haldið mér frá Shakespeare-hlutverkum heldur voru hans verk aldrei mjög framarlega í forgangsröðinni einhverra hluta vegna. Kannski af því hve bernsk leikhúsþjóð við erum, með fremur veika sjálfsmynd. Fá verk gera nefnilega jafn miklar kröfur til leikara og leikstjóra. Ég held samt að við gætum, með nægri þjálfun, tekið karlinn kröftugum tökum, óbundin af öllum hefðum. Örugglega stæðum við betur sem fagfólk ef við hefðum glímt meira við þennan jöfur.

Það skal tekið fram að þetta æfingatímabil og þessi glíma hefur verið ánægjuleg og gefandi í alla staði – einhugur að lyfta þessu grettistaki, allir meðtaldir. Þetta er flókin og erfið sýning leiklega og tæknilega. Leikstjóri og aðstoðarmaður hans hafa unnið góðan grunn hvað skilning og styttingar varðar – þýðing Þórarins Eldjárns er frábært verk og tæknivinna leyst af öryggi."

**Krúttlegt að hafa enga skoðun**

En skortur á Shakespeare-uppfærslum er ekki það eina sem Arnar er ósáttur við í íslensku leikhúslífi. „Mér hefur fundist í seinni tíð að leikhúsið hafi lent á nokkrum villigötum. Við höfum ekki náð þeim háleitu markmiðum að hér yrði prófessjónalt leikhús sem nyti virðingar. Og svo lendum við öll og leikhúsið þar með inni í þessum hrærigraut af póstmódernisma, efnishyggju og frjálshyggju þegar varla má nefna hugsjónir, listræna róttækni eða viðra gagnrýna sýn á samfélagið og breiður faðmur afþreyingar umvefur okkur.

Það ætti að vera keppikefli hverju samfélagi að reka stofnanir sem gætu unnið á annan máta, en þá ber þess að gæta að hér hafa menningarstofnanir alla tíð verið í fjársvelti og má segja að hagvaxtarmiðaðir stjórnmálamenn hafi átt sinn þátt í að ýta listinni út í fen afþreyingar, þar sem þykir krúttlegt að hafa enga skoðun og mest er gutlað á yfirborði. Allt skal þjóna skemmtanagildi og óbærilegum léttleika tilverunnar. Krafan er að leikhúsin séu rekin eins og hver önnur fyrirtæki, enda leikhússtjórar verðlaunaðir samkvæmt því.

En svo þarf líka að huga að innra skipulagi leikhússins. Þegar öll völd liggja á einni hendi er hætt við að fólk beri ekki næga ábyrgð á eigin starfi og þá fer að molna undan í mörgu tilliti. Auk þess er hætt við að slíkt umhverfi leiði til þöggunar og kjarkleysis. Hvernig hægt væri að komast fram hjá þessu er flókið mál og verður vart leyst innan leikhússins eins og málum er háttað. Hér þyrfti að koma leiklistarakademía þar sem þessi mál væru krufin og rædd og skoðuð. Í ljósi umræðunnar eins og hún hefur þróast í samfélaginu undanfarið er freistandi að nefna orð eins og lýðræði, valddreifing, ábyrgð og gagnsæi."

Annað sem brennur á Arnari er staða kvenna innan leikhúsanna. Þegar honum er bent á að tveir af þremur leikhússtjórum stóru leikhúsanna séu konur segir hann það litlu hafa breytt, það sé sýnin, gleraugun sem horft er með sem skipti máli. „Staða kvenna innan leikhússins er vægast sagt mjög slæm og þú býrð aldrei til gott leikhús ef kynin eru ekki jafnréttihá þar inni. Þá er samfélagsleg slagsíða á leikhúsinu. Það er engin afsökun að færri hlutverk séu skrifuð fyrir konur. Það þarf að hugsa dæmið upp á nýtt. Leikstjórinn okkar í Lé, Benedict Andrews, setti til dæmis nýverið upp Rósastríðin úr kóngaleikritum Shakespeares og þar lék Cate Blanchett Ríkarð annan. Þannig að ef leikhússtjórar ætla sér að nýta til dæmis þær frábæru fullorðnu leikkonur – og þarf ekki aldurinn til – sem Þjóðleikhúsið hefur á að skipa og legið hafa óbættar hjá garði alltof lengi, þá er það minnsta málið. Það er enginn vandi að finna leið til þess. Það er hægt að svissa rullum í nánast hverju einasta leikriti sem til er. Þá er líka komin ný og fersk nálgun og verkið fær allt aðra merkingu. Það er bara svo lítið gert af því að velja verk fyrir þá leikara og listafólk sem er til staðar og er það miður, því það er ein helsta skylda leikhúss að hlúa að sínum listamönnum og efla þroska þeirra og getu. Það er eiginlega alveg út í bláinn hvernig haldið er á málum. Ég hef horft á leikhússtjóra í gegnum tíðina haga sér eins og verkefnaval leikhússins sé þeirra einkamál. Það er það bara alls ekki. Þetta er mál fólksins í landinu sem vill sjá alvöru leikara í alvöru hlutverkum í alvöru verkum."

Frumsýning á annan í jólum. Eru ekki öll jólin undirlögð af frumsýningarkvíða? „Þú getur rétt ímyndað þér. Ég er reyndar svo ljónheppinn að eiga konu og börn sem eru í þessum sama bransa og vita alveg nákvæmlega hvað klukkan slær og pakka mér bara inn í bómull. Það er náttúrulega alveg dásamlegt og verður aldrei fullþakkað. Ég hef oft verið í jólasýningum Þjóðleikhússins og það er misjafnt hversu heltekinn maður verður. Núna rúmast ekkert mikið meira í hausnum á manni heldur en Lér, þessi kallskratti. Og ef hann gengur ekki af mér dauðum þá er ég bara mjög heppinn maður."


Við óskum landsmönnum
öllum gleðilegra jóla
Landsbankinn
landsbankinn.is | 410 4000
ENNEMM / SÍA / NM44425 / LJÓSMYND: ARI MAGG


Fíton/SÍA

# Gleðilega hátíð

Senn lýkur ári sem er minnisstætt fyrir margra hluta sakir. Tvö eldgos á skömmum tíma minna okkur á þá krafta sem náttúran getur leyst úr læðingi. Þjóðin þarf að finna hjá sér sambærilegan kraft í samstilltu átaki til að skapa atvinnutækifæri fyrir alla – því atvinna er undirstaða lífsgæða og velferðar.

**N1 óskar þér og þínum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi árum.**

Öflugur hópur starfsmanna N1 til bæja og sveita kappkostar að leggja viðskiptavinum lið með úrvals þjónustu allt í kringum landið. Við þökkum landsmönnum öllum fyrir viðskiptin á árinu sem er að líða. Með bjartsýni og kjark að leiðarljósi höldum við áfram að bjóða meira í leiðinni á nýju ári.



Hreindýr við Grenisöldu á Fljótsdalsheiði í desember 2009. Ljósmynd: Ari Magg.



**PRIYANKA THABA** Hún er 22 ára og hefur búið á Íslandi í eitt ár. Hún talar ekki íslensku en skilur hana að miklu leyti. Hún hefur þegar setið eitt íslenskunámskeið. Námið í Keili er allt á íslensku en þótt hún tali ekki málið er hún meðal efstu nemenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

# Ánauð bíður hennar heima

**Priyanka Thapa** er 22 ára stúlka frá Nepal sem kom hingað til lands sem au pair. Meðfram starfinu hefur hún lagt stund á nám hjá Keili með ótrúlegum árangri. Priyanka hugði á frekara nám og sá fram á bjarta framtíð en með fráfalli föður hennar snerust draumar hennar upp í martröð. Priyanka gæti staðið frammi fyrir því að giftast manni sem hún hefur aldrei hitt. Hún hefur sótt um dvalarleyfi hér á landi á grundvelli mannúðarsjónarmiða. *Kristján Hjálmarsson* fékk að heyra sögu nepölsku stúlkunnar.

Lífi mínu er hreinlega lokið ef ég fer aftur heim. Þar bíða mín gamlir karlar og ömurlegar aðstæður – í raun bara þrældómur,“ segir Priyanka Thapa, 22 ára gamall Nepalbúi sem búið hefur á Íslandi síðastliðið ár. „Meðan pabbi og stóri bróðir voru á lífi hafði ég öll tækifæri til að mennta mig og giftast og hefði orðið fjölskyldu minni til sóma. En nú hefur heimurinn snúist í algjöra andhverfu sína á örskotsstundu.“

> „Mamma var ellefu ára þegar hún giftist pabba, sem var tvítugur. Þau höfðu aldrei hist áður en þau giftust. Því miður eru slík hjónabönd allt of algeng í Nepal.

### Toppnemandi

Priyanka kom til landsins til að vinna sem barnfóstra eða au pair hjá Þórólfi Gunnarssyni framkvæmdastjóra og Önnu Láru Steingrímsdóttur lyfjafræðingi. Þau búa í Vogum á Vatnsleysuströnd og eru með sex börn á heimilinu svo í nógu er að snúast.

Þórólfur og Anna Lára buðu Priyönku að stunda nám við verk- og raunvísindadeild Háskólabrúar Keilis, meðfram barnfóstrustarfinu, sem hún þáði með þökkum. Námið hefur gengið vonum framar og er hún meðal efstu nemenda, jafnvel þótt kennslan sé öll á íslensku.

Priyanka stefndi á frekari menntun en örlögin hafa gripið svo í taumana að nú gæti hún þurft að snúa aftur heim til Nepal. Og þar bíður hennar svört framtíð.

Priyanka kemur úr lágstétt í Nepal, er yngst fjögurra systkina, alin upp hjá einstæðri móður. Eina leið fjölskyldu hennar til að komast af er að brúðgumi greiði lífsviðurværi hennar. Og nú þarf Priyanka að velja á milli.

### Hefur sótt um dvalarleyfi

Priyanka fékk vistráðningu hjá íslenskum yfirvöldum þegar hún kom til landsins. Það leyfi gildir í eitt ár og er runnið út. Hún hefur sótt um dvalarleyfi hér á landi á grundvelli mannúðarsjónarmiða. Umsóknin var lögð inn í Útlendingastofnun í nóvember en Priyanka fær væntanlega ekki svar fyrr en í janúar eða febrúar. Hún fær þó að dvelja í landinu á meðan umsóknin er til meðferðar í kerfinu. Samkvæmt íslenskum lögum má veita útlendingi dvalarleyfi ef hægt er að sýna fram á að rík þörf sé á vernd, til dæmis vegna erfiðra félagslegra aðstæðna viðkomandi eða erfiðra almennra aðstæðna í heimaríki.

### Erfitt líf í Nepal

„Faðir minn yfirgaf fjölskylduna þegar ég var tveggja ára og skildi móður mína eftir eina með fjögur börn. Hann skildi ekkert eftir handa okkur. Í Nepal geta menn gifst eins oft og þeir vilja en konurnar mega það hins vegar ekki. Þær verða að lifa einar með börnum sínum það sem eftir er. Mamma og stóri bróðir minn framfleyttu fjölskyldunni, þau voru bæði í vinnu. En svo lést hann í slysi árið 2008 og þá breyttist allt,“ segir Priyanka.

Í Nepal lauk Priyanka námi sem samsvarar tveimur árum í menntaskóla hér á landi. Fæstar stúlkur í Nepal fá sömu tækifæri til menntunar. Priyanka nýtti sér tækifærið hins vegar til fulls. Þegar bróðir hennar dó vildi hún komast burt frá sorginni og í gegnum sameiginlega kunningja komst hún í kynni við Þórólf og Önnu Láru og lagði upp í langferðina til Íslands.

## LÁ Í DÁI Í ÞRJÁ MÁNUÐI

Priyanka lenti í alvarlegu slysi þegar hún var átta ára gömul. Hún var úti að leika sér þegar vinkona hennar ýtti við henni með þeim afleiðingum að Priyanka féll aftur fyrir sig og lenti með höfuðið á götunni. Í sömu mund kom mótorhjól keyrandi og fór yfir höfuðið á henni. Priyanka slasaðist alvarlega og lá í dái á eftir. Fjölskylda hennar hafði ekki efni á að greiða fyrir spítalavistina nema í þrjá daga og þurfti því að flytja hana heim. Þar lá hún í dái í þrjá mánuði. Priyanka var þó fljót að jafna sig þegar hún vaknaði og slapp ótrúlega vel úr þessari raun. „Ég missti að vísu smá heyrn á vinstra eyra,“ segir hún.

### Fjölskyldan arflaus

„Nú í maí á þessu ári varð faðir minn bráðkvaddur eftir heilablóðfall. Það hefur mikil áhrif á fjölskylduna því þótt hann hafi ekki verið til staðar fyrir okkur skiptir það miklu máli í nepölsku samfélagi hver faðir manns er og hvað hann gerir. Börn úr minni stétt eiga ekki mikla framtíðarmöguleika ef faðir þeirra fellur frá,“ segir Priyanka.

Fjölskylda Priyönku fékk engan arf þegar faðir hennar lést. Móðir hennar er 63 ára og á orðið erfitt með vinnu. Eftirlifandi bróðir hennar er fatlaður eftir slys og getur ekki unnið. Það hefur því verið hart í ári hjá fjölskyldunni frá því að elsti bróðirinn lést. Nú, eftir fráfall föður hennar, er það orðið hlutverk Priyönku að giftast manni sem getur séð um að framfleyta fjölskyldunni.

### Mamma giftist ellefu ára

Það er nánast alsiða að fjölskyldur ákveði ráðahag barna sinna í Nepal. Slíkt tíðkast eða hefur tíðkast í mörgum samfélögum í aldanna rás, þar á meðal á Íslandi. Hægfara breyting hefur þó átt sér stað í Nepal á undanförnum árum og hefur fólk, þó aðallega í efri stéttum, meira um það að segja hverjum það giftist. Þá giftist fólk einnig oftar á milli stétta en slíkt hefur verið fátítt þar í landi enda stéttaskiptingin gríðarleg.

„Mamma var ellefu ára þegar hún giftist pabba, sem var tvítugur. Þau höfðu aldrei hist áður en þau giftust. Því miður eru slík hjónabönd allt

FRAMHALD Á SÍÐU 18




**Þökkum landsmönnum fyrir frábærar viðtökur á árinu.**

SPARNAÐUR

Umboðsaðili Bayern-Versicherung sem er meðlimur
í fyrirtækjasamstæðunni Versicherungskammer Bayern
Holtasmári 1, Kópavogur • Kaupvangsstræti 1, Akureyri
Sími: 577 2025 • sparnadur@sparnadur.is
www.sparnadur.is

VERSICHERUNGS
KAMMER
BAYERN

Finanzgruppe

FRAMHALD AF SÍÐU 16

of algeng í Nepal. Það þarf ekki annað en að fara rétt út í sveitirnar til að finna fjölskyldur þar sem er verið að gifta börn. Þá eru ungar stúlkur gefnar eldri mönnum og þær fá engin tækifæri til frekari menntunar. Þær eiga bara að sjá um börnin og heimilið. Þær fá ekki einu sinni að fara út að vinna. Ég held að um fjörutíu prósent stúlkna í landinu séu í þessari stöðu,“ segir Priyanka.

**Fékk skólastyrk eftir fegurðarsamkeppni**

Stéttaskipting í Nepal er mikil og fátæktin gríðarleg. Talið er að meira en helmingur Nepala lifi undir fátæktarmörkum. Þá eru tveir þriðju hlutar kvenna ólæsir og helmingur karla. Þar sem Priyanka ólst upp hjá einstæðri móður átti hún ekki möguleika á öðru en grunnnámi. Hún tók hins vegar þátt í fegurðarsamkeppni barna þegar hún var tólf ára og hafði sigur úr býtum. Fyrir vikið fékk hún skólastyrk og gat farið í frekara nám.

Priyanka er smávaxin, með dökkt sítt hár og svarbrún augu. Hún er feimin og auðmjúk. Hún ólst upp í Katmandú, höfuðborg Nepals. Um 800 þúsund manns búa í borginni en um ein og hálf milljón ef fólkið í nærliggjandi sveitum er talið með. Priyanka er yngst fjögurra systkina. Eldri systir hennar vinnur úti í láglaunastarfi en hefur ekki gifst þar sem fjölskyldan gat ekki greitt með henni heimanmund. Þá er hún komin á þann aldur að erfitt er að finna rétta manninn fyrir hana.

„Mamma hefur enga menntun og þurfti því að vinna frá morgni til kvölds í verslun til að sjá fyrir okkur. Ég sá því ekki mikið af henni þegar ég var yngri. Ég var hins vegar alltaf í skólanum. Ég vissi að þar sem mamma var alltaf að vinna þurfti ég að gera eitthvað á móti. Ég lagði því hart að mér í skólanum en hjálpaði líka til við heimilisstörfin. Skólinn gekk líka vel og ég fékk alltaf góðar einkunnir,“ segir Priyanka.

**Matarlaus í skólanum**

Priyönku gekk vel eftir grunnnámið og tók meðal annars að sér kennslu hjá yngri krökkum í aukavinnu. En lífið var ekki alltaf dans á rósum. „Ég átti ekki marga vini í Katmandú. Þegar ég var yngri var ég alltaf að læra eða að hjálpa mömmu, svo ég átti ekki margar vinkonur. Við máttum heldur ekki tala við strákana sem voru á svipuðum aldri. Þegar ég hélt svo áfram í skólanum voru þar krakkar úr annarri stétt og það var ekki alltaf auðvelt að vingast við þá. Krakkar með sama bakgrunn voru mikið saman og flestir komu þeir úr venjulegu umhverfi, þar sem báðir foreldrar voru til staðar og fjölskyldurnar áttu peninga. Krakkarnir komu til dæmis flestir með nesti en ég gat ég aldrei komið með neitt og þurfti að horfa upp á þau borða,“ segir Priyanka.



**Á MILLI VONAR OG ÓTTA** Priyanka vonast til að fá dvalarleyfi á Íslandi. Ef hún fær það ekki þarf hún að snúa aftur heim til Nepal og giftast ókunnugum manni. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

> Ég vil gera eitthvað úr lífi mínu en ekki giftast einhverjum manni þó að hann hjálpi fjölskyldu minni fjárhagslega. Ef ég get sent 10.000 krónur á mánuði heim er fjölskyldunni borgið.“

**Borðar nesti með vinum sínum**

„Þegar ég kom til Íslands var eins og ég væri að koma úr fortíðinni. Það er allt öðruvísi hér en í Nepal, til dæmis eru mannréttindi virt hér. Þetta var eins og að koma úr helvíti og fara til himna,“ segir Priyanka, sem segist hafa orðið fyrir menningarsjokki fyrst eftir komuna hingað. „Það var svo margt sem ég þurfti að læra og fjölskyldan mín, Þórólfur, Anna Lára og börnin þeirra, hafa hjálpað mér með svo margt. Ég kunni til dæmis ekki að borða með hníf og gaffli. Þau hafa í raun kennt mér allt,“ segir Priyanka hlæjandi. „Allir á Íslandi hafa í raun tekið mér opnum örmum, ekki bara fjölskyldan heldur líka allir í skólanum. Þetta hefur allt verið svo auðvelt því ég fæ svo mikla hjálp frá öllum.“

Priyanka segist hafa eignast fullt af vinum í skólanum og það sem meira er – þá borðar hún nesti með þeim. „Þeim er líka alveg sama hvaðan ég kem, hver fjölskylda mín er og hvort ég eigi föður eða ekki. Það taka mér allir opnum örmum – Íslendingar eru allir mjög opnir.“

**Á milli vonar og ótta**

Priyanka saknar stóra bróður síns meira en orð fá lýst. Hann hvatti hana alltaf til dáða og vildi að hún yrði sér úti um menntun. „Ef hann hefði ekki dáið væri ég ekki í þessum sporum,“ segir hún. „Hann vildi mér allt það besta og sagði að framtíð mín væri björt.“

Priyanka bíður nú á milli vonar og ótta um að fá dvalarleyfi. Ef hún fær það ætlar hún að búa áfram hjá Þórólfi og Önnu Láru og fara í frekara nám. Þá ætlar hún að fá sér aukavinnu svo hún geti sent peninga heim. Ef hún fær ekki landvistarleyfið þarf hún að fara heim til Nepal og ganga í hjónaband til að bjarga fjölskyldunni. Henni hugnast ekki slíkt líf en vill þó geta aðstoðað móður sína sem er henni allt.

**Tíu þúsund krónur bjarga fjölskyldunni**

„Mamma vinnur tólf til fjórtán tíma á dag og fær um sjö þúsund íslenskar krónur á mánuði í laun. Við búum í tveggja herbergja íbúð og borgum fimm þúsund í leigu,“ útskýrir Priyanka. „Ég vil að sjálfsögðu geta hjálpað henni. Hún hefur gefið okkur systkinum allt sitt og séð til þess að ég gat fengið menntun, ferðast til annars lands og lært önnur tungumál. En ég vil gera eitthvað úr lífi mínu en ekki giftast einhverjum manni þó að hann hjálpi fjölskyldu minni fjárhagslega. Ef ég get sent 10.000 krónur á mánuði heim er fjölskyldunni borgið. Þá get ég haldið áfram með líf mitt og gert það sem mig langar til – sem er að fá frekari menntun.“

■ SEX SYSTKINI Á ÍSLANDI

## Orðin ein af fjölskyldunni

Konan mín á tvö börn úr fyrra sambandi með Nepala. Sjálfur á ég tvö börn af fyrra sambandi og svo eru börn bróður konunnar að miklu leyti hjá okkur líka, þannig að allt í allt eru þetta fimm til sex börn sem eru á heimilinu hverju sinni,“ segir Þórólfur Gunnarsson, framkvæmdastjóri lyfjafræðingi hjá Sagasystem.

Priyanka hefur verið au-pair hjá Þórólfi og konu hans, Önnu Láru Steingrímsdóttur lyfjafræðingi, undanfarið ár. „Við vinnum mjög mikið og vorum að leita okkur að au-pair. Barnsfaðir konu minnar hafði heyrt af Priyönku svo við ákváðum að slá til og fengum hana til landsins. Við vildum að krakkarnir fengju aðeins að kynnast nepalskri menningu og að þau myndu kannski læra eitt og eitt orð í nepölsku. En svo þegar Priyanka kom þá líkaði okkur öllum svo vel við hana og henni við okkur að í dag er hún í raun orðin ein af fjölskyldunni,“ segir Þórólfur. „Það er grafalvarleg ákvörðun að leggja fram það loforð að taka utanaðkomandi einstakling að sér til komandi ára. Styðja og styrkja á meðan viðkomandi kemur sér fyrir í nýju lífi. En það gerum við með glöðu geði fyrir hana Priyönku.“






Matmaðurinn Sigmar Vilhjálmsson

Til hamingju með sigurinn!

Í dag á vinur minn Egill Fannar afmæli og í tilefni þess að hann vann mig í veðmáli um hvor stæði sig betur í ræktinni á haustmánuðum 2010 sendi ég honum hér mínar bestu hamingjuóskir ásamt meðfylgjandi mynd...

**Þetta er mín refsing og nú erum við kvittir !**

*Sigmar Vilhjálmsson*

Ps. Gleðileg jól, þú mátt borða því þú hefur efni á því.

ENNEMM / SÍA / NM42470





Eimskipafélag Íslands óskar landsmönnum gleðilegra jóla.

Selfoss og Goðafoss í Sundahöfn 2010.


EIMSKIP
Gleðileg jól



**MEÐLÆTI** Þótt margir séu fastheldnir á hefðirnar er ekkert að því að leita á ókönnuð mið með meðlætið.









# Óvænt meðlæti með hryggnum

Samkvæmt nýlegri könnun Markaðs- og miðlararannsókna (MMR) borða 52,9 prósent Íslendinga hamborgarhrygg á aðfangadagskvöld, meðan 9,8 prósent snæða rjúpu og 8,3 prósent kalkún. Fréttablaðið fékk landsliðskokkana **Hrefnu Rós Sætran** og **Ómar Stefánsson** til að stinga upp á uppskriftum að meðlæti með hryggnum sem fylgja ekki ströngustu hefðum Íslendinga.

Landsliðskokkurinn Hrefna Rós Sætran á Fiskmarkaðnum heldur einungis fast í eina hefð í sambandi við jólamatinn, en hún er að hafa kalkúnasamlokur á öðrum í jólum. „Þær eru alveg rosalega góðar, með nýbökuðu brauði, heitum kalkúni inn á milli og gómsætri fyllingu. Þetta er frábær hefð hjá okkur sem mér þykir mjög vænt um,“ segir Hrefna.

Varðandi matinn á aðfangadagskvöld segir Hrefna sig og sitt fólk ætíð velja eitthvað sem það langar í á hverju ári. „Eitthvað sem er heitt þá stundina,“ grínast hún. Í ár urðu rjúpur og hreindýr fyrir valinu í aðalrétti og graflax í eftirrétt, en tengdafaðir Hrefni veiddi allar þessar kræsingar sjálfur, sem verður að teljast hentugt. Í eftirrétt verður boðið upp á ostaköku og rommís.

Hrefna lumar á mörgum heilræðum varðandi óvænt meðlæti með hamborgarhryggnum á aðfangadagskvöld.

„Það er mikil hefð fyrir því að fólk setji sæta sykurgljáa á hryggina og jafnvel ananassneiðar. Það er skemmtileg nýjung að skipta út ananassneiðunum í staðinn fyrir aðra ávexti eins og til dæmis apríkósur, perur eða appelsínur,“ segir hún. „Svo er líka hægt að vefja beikoni eða hráskinku utan um hrygginn og steikja hann á heitri pönnu svo að beikonið eða skinkan verði stökk,“ bætir hún við.



Hrefna segir einnig mögulegt að fylla hrygginn með einhverri lystugri fyllingu. „Þá er gott að sjóða hrygginn, leyfa honum að kólna svo að allur safinn leki ekki úr honum og skera rauf í hann um 3/4, ekki alveg í gegn, og setja svo fyllinguna inn í og binda hrygginn upp með bandi. Setja jafnvel gljáa ofan á hrygginn og baka inni í ofni,“ segir Hrefna.



**JÓLAMATURINN** Landsliðskokkurinn Hrefna Rós Sætran lumar á ýmsu óvæntu meðlæti fyrir hinn hefðbundna hamborgarhrygg.



**ÓVÆNT** Ómar Stefánsson, landsliðskokkur, segist finna fyrir því að margir kjósi að lífga upp á hrygginn með óhefðbundnum aðferðum. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

> Ætli við matreiðslumennirnir séum ekki einna fastheldnastir á hefðirnar. Ég gæti trúað því.

### Í fríi yfir jólin

Annar landsliðskokkur, Ómar Stefánsson á veitingastaðnum Dilli, snæðir hamborgarhrygg á aðfangadagskvöld eins og flestir aðrir Íslendingar. „Við erum með létta humarsúpu í forrétt, hamborgarhrygg eftir öllum kúnstarinnar reglum í aðalrétt og heimalagað vanillu-parfait með súkkulaðisósu í eftirrétt. Ég elda ekki sjálfur, hjálpa kannski örlítið við sósugerðina en er annars bara í fríi yfir jólin. Ég er þó til staðar og gríp inn í ef allt stefnir í óefni,“ segir Ómar og skellir upp úr.

Hann segist finna vel fyrir því í starfi sínu að margir hafi áhuga á að breyta örlítið til og lífga upp á jólamatinn með óvæntum nýjungum líkt og kryddi og fleiru slíku. „Ætli við matreiðslumennirnir séum ekki einna fastheldnastir á hefðirnar. Ég gæti trúað því. Við prófum okkur áfram með nýja hluti daglega og sækjum þess vegna í ræturnar þegar við erum í fríi.“

## UPPSKRIFTIR AÐ ÓVÆNTU MEÐLÆTI

### Marmelaðigljái

Hrefna lumar einnig á uppskrift að marmelaðigljáa sem hún segir passa mjög vel með hráskinkuvöfnum hrygg og þunnum appelsínusneiðum:

6 msk. appelsínumarmelaði
4 msk. púðursykur
2 msk. hunang
2 msk. sinnep
2 cm engiferrót (fínt rifin)
1 stk. appelsína

*Blandið öllu saman í skál nema appelsínunni. Smyrjið gljáanum á hrygginn eftir að hann hefur verið soðinn/ofnbakaður. Skerið appelsínuna í þunnar sneiðar og leggið á hrygginn. Hækkið hitann á ofninum upp í 200 gráður og leyfið gljáanum að karamellast í 15 mínútur.*



### Þægilegt sveppa-kartöflugratín

Þegar maður er með sætan hjúp á söltu og reyktu kjöti þá passar mun betur að hafa til dæmis steiktar eða ofnbakaðar kartöflur með, en ekki sykurbrúnaðar eða sætar kartöflur. Hér er uppskrift að mjög auðveldu og þægilegu sveppa-kartöflugratíni,“ segir Hrefna.

8-12 stk. rauðar kartöflur
1 bolli rifinn parmesanostur
1 bolli rifinn gouda-ostur
Nokkur garðablóðbergslauf
4 rif hvítlaukur
1 askja sveppir
1 askja portobello- eða ostrusveppir
½ bolli rjómi
¼ bolli hvítvín
Smá smjör til að steikja sveppina upp úr
Salt og pipar

*Skerið kartöflurnar í þunnar sneiðar. Skerið sveppina niður í sneiðar líka. Hitið pönnu vel. Bætið smjöri út á hana og steikið sveppina þar til þeir eru orðnir vel brúnir. Rífið hvítlauksrifin út á pönnuna og steikið smá áfram. Sveppir draga mikið smjör í sig svo það er gott að bæta smá klípu út á einhvers staðar á leiðinni. Hellið hvítvíninu út á pönnuna og sjóðið smá. Bætið loks rjómanum og ostunum út á og kryddið með salti og pipar. Setjið sveppina í eldfast mót og raðið kartöflunum yfir. Setjið álpappír yfir mótið og bakið við 165 gráður í 60 mínútur. Fjarlægið álpappírinn og rífið smá parmesanost yfir. Hækkið hitann og gratínerið í smá stund eða þar til osturinn er orðin fallega brúnn.*



### Epli í kryddlegi

Ómar bendir einnig á að epli geti passað vel sem meðlæti með hamborgarhryggnum. Hér fylgir uppskrift hans að þeim:

2 græn epli
150 g vatn
125 g sykur
225 g borðedik
1 stk. stjörnuanis
2 stk. negull
1 stk. kanilstöng
1 stk. vanillustöng

*Skrælið eplin og takið kjarnann úr. Skerið eplin í sneiðar (sirka 1 cm á þykkt) og látið í ílát sem er með loki. Setjið vatn, edik, sykur og krydd í pott og látið suðuna koma upp og látið standa í 2-3 mínútur. Hellið svo leginum yfir eplin og setjið lok á. Því lengur sem eplin eru í leginum því betri.*



### Grænertumauk

Hér er uppskrift að grænertumauki sem Ómar segir passa vel með hamborgarhryggnum.

200 gr grænar baunir
100 gr nýmjólk
150 gr rjómi
25 gr smjör
Salt

*Setjið baunirnar í pott með mjólk og rjóma og látið sjóða í 6 mínútur. Setjið baunirnar í blandara með smá af mjólkinni og rjómanum og smjörinu og látið blandast þar til fínt mauk myndast. Smakkið til með salti.*



**Tugþúsundir manna** sækja helgihald yfir jólahátíðina í kirkjum þjóðkirkjunnar. Helgistundir þjóðkirkjunnar verða milli sex og sjö hundruð um allt land um jól og áramót. www.kirkjan.is



# ¡ALLT

FRÉTTABLAÐIÐ

**Sölufulltrúar: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473 **Þórdís Hermannsdóttir** thordish@365.is 512 5447




# Nýársfagnaður

*1. janúar 2011*

Nýju ári fagnað með stórkostlegri veislu
með mögnuðum 4 rétta matseðli.

Verð frá 6.990 kr.

FORRÉTTIR

· Heitreykt bleikja ·

*og*

· Steinseljurótasúpa ·

AÐALRÉTTIR (veljið einn)

· Fiskur dagsins ·

· Steikt heiðagæsabringa ·

· Wellington nautalund ·

· Ofnsteiktur lambahryggur ·

EFTIRRÉTTUR

· Súkkulaði og pistasíu kaka ·

*Nánar á vef Perlunnar, perlan.is*

Hringbrot

Veitingahúsið Perlan - *Sími* 562 0200 - *Fax* 562 0207
*Netfang* perlan@perlan.is - *Heimasíða* www.perlan.is



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRA SKÚBB
Meiri Vísir.

vísir.is


Hanna Rósa Björnsdóttir á afmæli í dag eins og amma hennar.



# Fæddist korter í jól

Hanna Rósa Björnsdóttir er sannkallað jólabarn en hún kom í heiminn 24. desember fyrir níu árum þegar klukkan var fjörutíu og sex mínútur gengin í sex. „Pabbi minn fékk mig í jólagjöf og amma mín í afmælisgjöf,“ segir Hanna Rósa en föðuramma hennar Þórdís Birna Eyjólfsdóttir á líka afmæli á jólunum.

Hanna Rósa átti að koma á Þorláksmesu en lét þá ekkert á sér kræla. Þegar móðir hennar, Silja Dögg Sæmundsdóttir, var síðan að kaupa síðustu jólagjöfina í hádeginu á aðfangadag fór allt af stað. Foreldrar hennar eyddu jólunum á Landspítalanum. „Það var æðislegt og mjög eftirminnilegt,“ rifjar Silja Dögg upp.

Síðan hefur Hanna Rósa haldið upp á fjölskylduafmælið sitt í hádeginu á aðfangadag heima hjá ömmu sinni en fyrir skömmu ákváðu foreldrar hennar hins vegar að halda sams konar veislu heima hjá sér og hafa opið hús á milli klukkan tólf og tvö. „Það hefur gefist vel enda er fólk hvort sem er á þeytingi,“ segir Silja Dögg. Hanna Rósa er ánægð með þetta fyrirkomulag og fær að vonum fullt af pökkum. „Stundum fæ ég tvo og stundum fæ ég einn stóran,“ segir Hanna Rósa og finnst hún alls ekki falla í skuggann af afmæli jesúbarnsins. *vera@frettabladid.is*

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




# BÍLAR & FARATÆKI

100bilar.is bílasala



Dodge Intrepid SXT 3,5ho, árg. 2003, ek.102þús.km, sjálfskiptur, loftkæling, góð heilsársdekk, omfl, Flottur og þægilegur bíll, Tilboðsverð 990þús.kr, er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardaga 12-16**
**www.100bilar.is**

## 0-250 þús.

Að morgni 15 des var 4 Iroc dekkjum 39,5" á 15" felgum stolið frá Suðurhellu 6 Hafn. Fundarlaun: Sími 897-1420

## Bílar óskast

Óska eftir að kaupa bíl á verðbilinu 25-250þús, má þarfnast lagfæringa. Uppl. s. 615 1810.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Varahlutir

**Hringbraut.is**
**Varahlutasala**
Eigum til notaða bílavarahluti. MMC, VW, Skoda, Toyota, Peugeot, Honda, Renault ofl . hringbraut.is S.420-1200

NET-PARTAR
PARTASALA – NOTAÐIR VARAHLUTIR Í NÝLEGA BÍLA
486 4499
486 4477
www.netpartar.is

**Bílapartasala**
Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbær.

Partatorg.is Notaðir varahlutir í ýmsar gerðir nýlegra bíla. partatorg@partatorg.is 565-6020.

**Partabilar.is 770-6400**
**Lónsbraut 6 Haf.**
Erum að rífa bmw525d 02 lanos 98-02 carvan97 neon01 mondeo98 jeep grand 00 kia sportage 99 mazda323 96 m.benz e 1980 almera 99 terrano 01 vectra 99 twingo 99 felisia97 swift 05-2010 xl7 05yaris 05 vw lt 35 98 kango 99 primera diesel 99 fiesta 98.balleno 99 caddy 02 Kaupum bíla í niðurrif eða uppgerðar.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**
Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

**VW, Skoda, Audi, varahlutir og viðgerðir**
**S: 534 1045**
Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Suðurhella 10, Hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Fiat Brava og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Pípulagnir**
Faglærðir píparar geta bætt við sig verkefnum í bæði viðhaldi og nýlögnum. Vönduð vinnubrögð. Upplýsingar í síma 663 5315.

## Hreingerningar

Hreingerningaþjónusta
Þvegillinn
5 44 44 46

Hreingerningar - Bónun - Bónleysing Flutningsþrif - Þrif eftir iðnaðarmenn thvegillinn.is - Stofnað 1969 Traustir og vanir menn.

GLERSÝN sf.
gluggahreinsun Ingvars Bemdsen

Gluggahreinsun, Klæðningarhreinsun, Teppahreinsun, Gólfbónun og Ræsting. S.663 0000

**A-Ö Þrif & Hreinlæti**
**Sími 662 0 662**
Hreingerningar, Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Húsgagnahreinsun.

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is

## Húsaviðhald

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

**Jólatilboð**
Gefðu þér og baðherberginu jólagjöf
Ódýr endurnýjun á baðherbergi með öllu allt að 6m². gólffleti
Nýjum flísum á gólf og veggi, innréttingu,spegli með ljósi, wc og sturtubotni, sturtuklefa,blöndunartækjum og full málað loft.
Allt innifalið rif og förgun á gamla baðherberginu
Aðeins kr. 500.000. og 60.000 kr. endurgreiðsla frá skatti samtals 440.000 kr. nýtt bað 6 dagar í vinnslu.
**Fáðu uppl. S. 567 6699**
**kristjan@vidhald.is**

VIÐHALD
fasteignaviðgerðir

Allt viðhald ehf. annast viðhald og viðgerðir fasteigna fyrir fyrirtæki, húsfélög og einstaklinga.
Við önnumst m.a.:
• múrviðgerðir • þakviðgerðir • málningarvinnu • trésmíðavinnu • pípulagnir • raflagnir • flísalagnir.
Hringdu og við gerum þér tilboð, þér að kostnaðarlausu. • Sími 567 6699. Sendu okkur email og við gerum þér tilboð. • kristjan@vidhald.is

## Tölvur

tölvuhjálp!
Yfirhalning á tölvu aðeins 2.000 kr. án VSK
Ókeypis vírusvörn
Nánar á www.tolvuhjalp.is
Sími 588-9590
Vesturvör 32a, Kópavogi

## Nudd

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

Gott nudd - good massage. S. 857 4850 & 844 0329.

**2 fyrir 1 tilboð**
En skrúbb, heitur pottur, nudd f. 2 kr. 9900,-. Detox - f. 2 kr. 9900.-. Margar teg. nudds, fótaaðgerðir, slökun, veitingar, heilsu, vítamín, næringarráðgjöf. Uppl. - pantanir s. 611 6078. Gjafabréf. JB Heilsulind Skúlagötu 40. Opið 12-18 mán-lau.

## Spádómar



Sigríður Klingenberg áritar bók sína við blómatorgið í Kringlunni til jóla. Og selur gjafabref á spádóm. GJAFABRÉFIN VINSÆLU FRÁ SIGGU KLING..S8990889

**Spásími 908 6060**
**Tarot, miðlun, trúnaður, draumar.**

**Hvað viltu vita.**
**Opið frá 12-23 S. 894 9228**
**Steinunn visa/euro**

www.orlagalinan.is
Örlagalínan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

## Önnur þjónusta

Software Production House. Web system design. HR applications. CRM applications. Pro marketing applications. Information security. ramihijazi@hotmail.com






**Nýtt á Íslandi - Óáfeng verðlaunavín:**
Óáfeng verðlaunavín frá Napa Valley í Californíu. Áfengið er fjarlægt án hitunar eða eiminga með einkaleyfisverndaðri kaldri vinnsluaðferð, rétt fyrir átöppun. Einu óáfengu vínin sem unnið hafa til gullverðlauna í samkeppnum á móti áfengum vínum. Chardonnay, Cabernet Sauvignon, Merlot og Brut Cuvee. Minnum einnig á 200 gerðir kerta á skrautkertamarkaðnum, jólavörur í hundraðatali og áramótavörubarinn þar sem þú færð t.d. 30 cm knöll í stykkjatali á 200 kall! Partýbúðin, Faxafeni 11, s. 534-0534, opið alla daga.

# KEYPT & SELT

## Til sölu



Til sölu IKEA Koja B140xL200cm. Silvur Verð 20.000 kr - Einnig barnarúm fyrir 6-12 ára (tvær stórar skúffur undir ) 8000 kr upplýsingar í s. 895 2000 / 822 0102.

Bluemoon.is Flottustu bolirni í jólapakkann. Bluemoon.is netverslun.

## Verslun




## Jólakveðjur

HÖFÐABÍLAR
... þar sem bílar seljast
Fosshals 27 - 577 4747

Óskar viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla

www.hofdabilar.is

K2 Náttúruvæn Loftstokkahreinsun

Óskum viðskiptavinum okkar gleðilegra jóla og farsældar á komandi ári. Þökkum viðskiptin á árinu sem er að líða

www.K2.is

bathmate.is
Bathmate hefur nú fengið læknisfræðilega vottun og er með CE vottun sem lækningatæki.
Meiri stinning, kraftur og lengri limur ásamt tip top reðurheilsu!
TUNGUHJÓLIÐ
Besta uppfinning síðan hjólið var fundið upp! Tunguhjólið er fyrir konur sem kunna að meta gott kynlíf, einar, eða með ástmanni sínum!
Skoðaðu úrvalið á
FLESHLIGHT.IS
og allar pantanir afgreiddar samdægurs!

## Óskast keypt

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
**Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61. Jón og Óskar - jonogoskar.is s. 552-4910.**

**Kaupi gull !**
**Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð. Upplýsingar á demantar.is í s. 699 8000 eða komið í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/örykja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri

Hitamyndavélar Laser hitamælar Röramyndavélar plastlagnaverkfæri Plastsuðuvélar www.stor.is

# HEILSA

## Heilsuvörur

Árangur með Herbalife í 30 ár. Hringdu og fáðu frían prufupakka. Edda Borg S. 896 4662 www.lifsstill.is

Taktu þér tak! Með HERBALIFE næðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www.betr-iheilsa.is/erla

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd



**TANTRA MASSAGE**
Authentic initiation into the tantric mysteries with tantra massage. Unique experience for men, women and couples. Tel: 698 8301 www.tantra-temple.com

**Last minute/auka gjöf**
Net-gjafakort. Nuddþegi velur vöðva-nudd og/eða slökunarnudd, dag, kvöld og helgartíma. www.nudd.biz 77 22 600.

# HEIMILIÐ

## Dýrahald

**Hundagallerííð auglýsir**
**Kíktu á heimasíðuna okkar: www.dalsmynni.is Hundaræktun með starfsleyfi. S. 566 8417 Tökum visa/euro**

# TÓMSTUNDIR & FERÐIR

## Hestamennska

HESTAR & MENN

**Í jólapakkann.**
Hanskar frá kr. 1990 Hestar og menn. Ögurhvarfi 1, 203 Kópav.

Óska eftir að kaupa 8-12 hesta hús m/ hlöðu og kaffistofu á Víðidals- eða Fákssvæði. Uppl. í s. 894 1772.

FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing

Allt sem þú þarft...

# HÚSNÆÐI

## Leigumiðlanir

**Leiguliðar ehf Fossaleyni 16**
Skrifstofa Leiguliða auglýsir lausar íbúðir, leiguverð frá kr. 87.000. Reykjavík, Selfoss, Þorlákshöfn, Akranes, Hafnarfjörður. Gæludýr leyfð.
**Sjá www.leigulidar.is eða 517 3440**

## Húsnæði í boði

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj aðganur að internet, baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj Internet, bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Til leigu hæð 93 fm í einbh í Vesturbæ 3ja herb m húsgögn fyrrih árs 2011 Upplýs 8411778/8680594

Til leigu ný, glæsileg 2. herb. 54 m2 íb. í einb. í norðurbæ Hafnarfj. Sér inng. Leigut. minnst eitt ár. Leigist eing. barnl. reglus. einstakl. eða pari. Engin gælu-dýr. Reykl. íbúð. Verð kr. 98 þús. m/hita og rafm. Enginn hússj. Laus strax. Sjón er sögu ríkari. Uppl. í s. 822 1216.

## Geymsluhúsnæði

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggis-myndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

# TILKYNNINGAR

## Tapað - Fundið

21-12 Mánudagskvöld tapaðist Myndavél í miðbæ Reykjavíkur. Þetta er Canon powershot sx200 svört í poka með auka battery. Endilega hafa augun opin. 862-8400

## Einkamál



Stefnumót.is Vandaður gjaldfrjáls vefur fyrir einhleypt fólk. Frítt textaspjall, frítt vídeóspjall.

Óskum ykkur gleðilegra jóla og þökkum viðskiptin á árinu, opið í dag aðfangadag frá 10:00-14:00

Opið mán-fös 12-20
Laugardaga 12-18 & í Hlíðasmára á sunnud. 12-18
FÁKAFEN 11
HLÍÐASMÁRI 13
s. 588 6969 & 587 6969
WWW.TANTRA.IS
www.facebook.com/tantraverslun

**SÍMAÞJÓNUSTUR**



**Stefnumót**
905 2000 (símatorg)
535 9920 (kreditkort)
535 9923 (frítt karlar)
555 4321 (frítt konur)
**Spjall**
904 5454 (símatorg, karlar)
535 9940 (kreditkort karlar)
555 4321 (frítt, konur)
**Gay spjall**
535 9988 (kreditkort)
**Sögur**
905 2002 (símatorg)
535 9930 (kreditkort)
**Spjalldömur**
908 6000 (símatorg)
535 9999 (kreditkort)

**Spjalldömur 908 5500**
**Erum við meira enn áður.**

Kona, leitar þú ævintýra? Nýttu þér ókeypis þjónustu Rauða Torgsins Stefnumót til að kynnast karlmanni við hæfi. Þú auglýsir frítt í síma 555-4321.

## Jólakveðjur





**Smáauglýsingar óska viðskiptavinum sem og landsmönnum öllum gleðilegra jóla**

www.frettabladid.is | 512 5000

# GÓÐAR FRÉTTIR FYRIR VESTUR-LAND

Þú færð Fréttablaðið á kostnaðarverði á 31 stað á Vesturlandi og 120 stöðum um land allt. Nánari upplýsingar á visir.is/dreifing.

**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á visir.is eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing




## Fjöldi lausasölustaða á Vesturlandi

| | |
|---|---|
| Bónus, Akranesi | Samkaup Úrval, Grundarfirði |
| Krónan, Akranesi | N1 verslun, Ólafsvík |
| N1 verslun, Akranesi | Olís, Ólafsvík |
| Olís, Akranesi | Hraðbúð N1, Hellissandi |
| Samkaup Strax, Akranesi | Shell/Vélsmiðja Árna Jóns, Hellissandi |
| Bónus, Borgarnesi | Samkaup Strax, Búðardal |
| Olís, Borgarnesi | Bónus, Ísafirði |
| Samkaup, Hyrnunni, Borgarnesi | Hamraborg, Ísafirði |
| Samkaup Úrval, Borgarnesi | N1 þjónustustöð, Ísafirði |
| Munaðarnes, Borgarnesi | Samkaup Úrval, Ísafirði |
| Samkaup Strax, Bifröst | Olís, Bolungarvík |
| Verslunin Baulan, Borgarfirði | Samkaup Úrval, Bolungarvík |
| Hönnubúð, Reykholti, Borgarfirði | Skeljungur, Bolungarvík |
| Bónus, Stykkishólmi | N1 Flateyri |
| Olís, Stykkishólmi | N1 Þingeyri |
| Hrannarbúðin, Grundarfirði | |



Allt sem þú þarft...

## Jólakveðjur

**FOLD FASTEIGNASALA**

Laugavegi 170, 2. hæð • Opið virka daga kl. 9:00-17:00
Sími 552 1400 • Fax 552 1405 • www.fold.is • fold@fold.is

*Starfsfólk Foldar-fasteignasölu óskar viðskiptavinum og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á nýju ári.*

*Við þökkum velvild og viðskipti á árinu sem er að líða.*

**Viðar Böðvarsson** viðskiptafræðingur og löggiltur fasteignasali

**HÖFÐI FASTEIGNASALA**

Suðurlandsbraut 20
Sími 533 6050
Faxnr. 533-6055
www.hofdi.is

*Sendum viðskiptavinum okkar nær og fjær hugheilar jóla- og nýárskveðjur með þökk fyrir viðskiptin á árinu.*

*Gleðileg Jól*

*Starfsfólk, Höfða fasteignasölu*



*Óskum viðskiptavinum okkar nær og fjær og landsmönnum öllum gleðilegra jóla*

**FASTEIGNA MARKAÐURINN**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, FAX 570 4505.
Netfang: fastmark@fastmark.is - Heimasíða: http://www.fastmark.is/
Jón Guðmundsson, sölustjóri og lögg. fasteignasali.
Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fasteignasali

*Óskum viðskiptavinum okkar og landsmönnum öllum gleðilegra jóla*

*Starfsfólk Eignamiðlunar*

**EIGNAMIÐLUN**
sala fasteigna í 50 ár

Síðumúla 21 · S. 588 9090 · www.eignamidlun.is



# Gleðileg jól

**Heimili fasteignasala óskar viðskiptamönnum sínum og landsmönnum öllum gleðilegrar hátíðar og farsældar á komandi ári.**

Áfram sem áður tileinkum við okkur drengskap og gjörvileika í okkar vönduðu vinnubrögðum.
Með áreiðanleika og bjartzýni heilsum við nýju ári og nýjum og gömlum viðskiptamönnum.

**heimili FASTEIGNASALA**

Skipholti 29a • Sími: 530 6500 • www.heimili.is



**STÆRSTI HÚSNÆÐISVEFUR LANDSINS**

Félag Fasteignasala

vísir.is ...ég sá það á Vísi

Ótrúlegt úrval íbúða til sölu eða leigu!

FASTEIGNIR.IS

## Óskast til leigu

### 14984 Fullbúið skrifstofuhúsnæði óskast á leigu fyrir Vinnumálastofnun

Ríkissjóður óskar eftir að taka á leigu skrifstofuhúsnæði fyrir Vinnumálastofnun. Miðað er við að húsnæðið verði tekið á leigu til 10 ára, fullbúið til notkunar, án lauss búnaðar.

Gerð er krafa um góða staðsetningu miðsvæðis á höfuðborgarsvæðinu, gott aðgengi og næg bílastæði. Æskilegur afhendingartími er 15. mars 2011.

Húsrýmisþörf stofnunarinnar fyrstu fimm árin er áætluð um 1920 fermetrar, en að þeim tíma liðnum mun stofnunin áskilja sér rétt til að minnka stærð hins leigða um a.m.k. 300-500 m2. Húsnæðið skal vera hefðbundið skrifstofuhúsnæði, þó með óvenju stóru móttökusvæði.

Frekari upplýsingar um þær kröfur sem húsnæðið verður að uppfylla verða aðgengilegar á heimasíðu Ríkiskaupa www.rikiskaup.is mánudaginn, 27. desembermánaðar, 2010.

Fyrirspurnir varðandi verkefni nr. 14984 skulu sendar á netfangið: www.utbod@rikiskaup.is og verða svör birt á vef Ríkiskaupa.

**Fyrirspurnarfrestur rennur út 28. desember 2010, en svarfrestur er til og með 30. desember 2010.**

Leigutilboðum þar sem fram kemur stærð, ástand og staðsetning húsnæðis, ásamt leiguverði, skal skila til Ríkiskaupa, Borgartúni 7, 105 Reykjavík, **eigi síðar en 6. janúar 2011.**

RÍKISKAUP
*Útboð skila árangri!*

# Blaðberinn bíður þín

Þú færð Blaðberann þinn í Skaftahlíð 24 alla virka daga frá kl. 9-17.

Blaðberinn... ...góðar fréttir fyrir umhverfið



GLEÐILEG JÓL & FARSÆLT KOMANDI ÁR

capacent




Árið 2010 hefur verið mjög viðburðaríkt hjá björgunarsveitunum og undanfarnar vikur verið annasamar enda allra veðra von á þessum árstíma. Mörg hundruð sjálfboðaliðar hafa margoft komið samborgurum sínum til hjálpar, oft við erfiðar og hættulegar aðstæður.

Yfir hátíðarnar verðum við með á þriðja þúsund manns til taks, dag og nótt – þín vegna.

Aðalbakhjarlar Slysavarnafélagsins Landsbjargar eru:

N1 SJÓVÁ vodafone

SLYSAVARNAFÉLAGIÐ LANDSBJÖRG

Gleðileg jól!



**ÁRBÆJARKIRKJA Á VETRARSÓLSTÖÐUM** Fagurt var um að litast í Árbæjarkirkju á stysta degi ársins þegar ljósmyndara Fréttablaðsins bar þar að garði. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

**Ég vil hjálpa með 100 krónum á mánuði.**

Ég skrái mig með SMS- skilaboðunum FHI í síma 1900 og eftir það styrki ég Fjölskylduhjálp Íslands með 100 krónum á mánuði.

Viðkomandi fær svo sent eitt SMS á mánuði sem kostar 100 krónur sem færist á símareikning um hver mánaðarmót.

Öll símafyrirtækin gefa sína þjónustu.

**Dreifingarkassar Fréttablaðsins**

Vegna aukinnar hættu á skemmdarverkum í kringum áramót, verða dreifingarkassar fyrir Fréttablaðið teknir niður um jól og áramót, en settir aftur upp í janúar. Í millitíðinni verður hægt að nálgast blaðið í strætóskýlum, íþróttahúsum og sundlaugum og í einhverjum tilfellum á stórum vinnustöðum á þeim svæðum þar sem blaðinu er venjulega dreift í Fréttablaðskössum. Dreifing í hús verður óbreytt.

Nánari upplýsingar fást á visir.is/dreifing.

Lesendur eru beðnir afsökunar á óþægindum vegna þessa.




**Allt sem þú þarft...**

# Afgreiðslutímar um hátíðarnar

Slysa- og bráðamóttaka Landspítala við Hringbraut og í Fossvogi er opin allan sólarhringinn og sinnir neyðartilfellum. Aðalsímanúmer er **543-1000**. Beint innval við Hringbraut er **543-2050** og beint innval á slysadeild Landspítala í Fossvogi er **543-2000**.

**Læknavakt heilsugæslunnar**

Vitjanasíminn, **1770**, er opinn allan sólarhringinn. Læknavaktin er opin frá 17-23.30 alla virka daga og frá 9-23.30 um helgar og á frídögum. Vitjunum er sinnt frá 17-20 á virkum dögum og allan sólarhringinn um helgar og hátíðisdaga.

**Neyðarlínan**

Neyðarsími Neyðarlínunnar **112** er opinn allan sólarhringinn yfir hátíðarnar og svarar fyrir slökkvilið, sjúkrabifreiðar og lögreglu um allt land.

**Rauði krossinn**

**1717** er hjálparsími Rauða krossins og verður opinn yfir alla jólahátíðina.

**Stígamót**

Lokað er hjá Stígamótum yfir hátíðarnar en 3. janúar opnar aftur hjá þeim. Hægt er að leita til Neyðarmóttökunnar.

**Kvennaathvarfið**

Kvennaathvarfið er opið allan sólahringinn yfir hátíðarnar. Síminn er **561-1205**.

**SÁÁ**

Tekið verður á móti sjúklingum frá klukkan 10-12 á hátíðisdögum. Afgreiðsla SÁÁ er opin alla virka daga frá 8-12, nema á nýársdag. Bent er á slysadeild og bráðamóttöku Landspítala komi alvarleg tilfelli upp.

## APÓTEK

**Lyfja**

Afgreiðslustaðir Lyfju í Lágmúla og á Smáratorgi verða opnir til **kl. 18** á aðfangadag og til **kl. 13** í Smáralind. Aðrir afgreiðslustaðir verða opnir til **kl. 12** á aðfangadag. Á jóladag verða afgreiðslustaðir Lyfju lokaðir, nema í Lágmúla, opið frá **10-01** og á Smáratorgi, opið frá **09-24**. Annan í jólum er einnig lokað á afgreiðslustöðum Lyfju um allt land, nema í Lágmúla, opið frá **07-01**, í Keflavík opið frá **12-16** og á Smáratorgi verður opið frá **08-24**.



**Árbæjarapótek**

Opið til 18.30 á Þorláksmessu. Opið frá **9-12** á aðfangadag. **Lokað** á jóladag og annan í jólum.

**Lyfjaval, Álftamýri**

Opið á aðfangadag frá **9-12**. **Lokað** á jóladag og annan í jólum.

**Lyfjaval, Mjódd**

Opið á aðfangadag frá **9-12**. **Lokað** á jóladag og annan í jólum.

**Lyfjaver**

Opið á aðfangadag til **12**. **Lokað** á jóladag.

**Bílaapótekið**

Opið til **14** á aðfangadag. **Lokað** á jóladag. Opið til **23** annan í jólum.

## SAMGÖNGUR

Strætó ekur eftir hefðbundinni áætlun á Þorláksmessu. Á aðfangadag hættir akstur **kl. 14**. Enginn akstur jóladag. Annan í jólum er akstur samkvæmt **sunnudagsáætlun**.

Sundlaugar ÍTR verða opnar frá 8 til **12.30** á aðfangadag nema Klébergslaug þar sem opið er frá **10-12.30**. Sundlaugar ÍTR eru lokaðar á jóladag. Annan í jólum er lokað í sundlaugum ÍTR nema í Breiðholtslaug, opið frá **12-18**, og Laugardalslaug, opið frá **12-18**.

## STÓRMARKAÐIR

**Hagkaup**

Á aðfangadag er opið til **12** í verslunum Hagkaups í Borgarnesi og Njarðvík, til **14** í Kringlunni, á Akureyri, í Spöng, Garðabæ og Nesi. Í Smáralind verður opið til **15** í verslun Hagkaups og í Skeifunni til kl. **16**. Á jóladag verður **lokað** í verslunum Hagkaups um allt land. Á annan í jólum er lokað í öllum búðum Hagkaups, nema í Skeifunni og í Garðabæ sem verða opnar frá kl. **11**.

**Nóatún**

Á aðfangadag verður opið til **kl. 16**. **Lokað** á jóladag. Á annan í jólum verður opið frá kl. **10**.

**11-11**

Á aðfangadag er opið í **11-11** frá **9-16**. Á jóladag er lokað í verslunum **11-11** Opið er frá **12-23** á annan í jólum.

**Bónus**

Verslanir Bónuss verða opnar frá **10-14** á aðfangadag. **Lokað** á jóladag. Aðra daga verður hefðbundinn opnunartími í verslunum.

**Krónan**

Á aðfangadag er opið í verslunum Krónunnar frá **9-13**. **Lokað** á jóladag og annan í jólum.


TOYOTA
Gleðileg jól
Við óskum landsmönnum, nær og fjær,
gleðilegra jóla og árs og friðar um leið
og við þökkum viðskiptavinum ánægjuleg
samskipti og traustið sem þeir hafa sýnt
okkur á árinu sem er að líða.
Starfsfólk Toyota.
www.toyota.is
Today
Tomorrow
Toyota

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**AVA GARDNER** leikkona (1922-1990) fæddist þennan dag

*„Ég skil ekki fólk sem hefur yndi af vinnu og tekur hana hátíðlega. Að gera ekki neitt er líkt og að fljóta á ylvolgu vatni, bara fullkomlega yndislegt.“*

## Merkisatburðir

**1893** Henry Ford fullgerir fyrsta bensínmótor sinn.

**1920** Ítalski tenórinn Enrico Caruso syngur opinberlega í síðasta sinn.

**1933** 160 farast í lestarslysi í París.

**1956** Ungverskir flóttamenn, 28 karlar og 24 konur, koma til Íslands frá Vín fyrir atbeina Rauða krossins.

**1966** Luna 13 lendir á tunglinu.

**1989** Veðurhæð á Stórhöfða í Vestmannaeyjum kemst í 120 hnúta (um 224 km/klst.) í vindhviðu.

**1990** Saddam Hussein segir Ísrael verða fyrsta skotmark Íraka.

**ÞETTA GERÐIST:** 24. DESEMBER 1934

## Lestur jólakveðja hófst í útvarpinu



Ríkisútvarpið hóf lestur jólakveðja þennan dag árið 1934 og hafa þær verið fastur liður á hverju ári síðan. Í fyrstu voru kveðjurnar til sjómanna á hafi úti, hlustenda á Grænlandi og útlendinga búsettra á Íslandi.

Í kringum 1940 nefndist þessi dagskrárliður í útvarpinu Jólakveðjur og ávörp til skipa á hafi úti og sveitabýla. Þremur árum síðar færðust jólakveðjurnar fram á Þorláksmessu og hafa verið lesnar á þeim degi eftir það. Alltaf fer þeim fjölgandi og því hefur teygst úr lestri þeirra. Árið 1956 var farið að flytja kveðjur frá Íslendingum erlendis. Þá söfnuðust Íslendingar saman á heimili einhvers landans á sínum dvalarstað og lásu inn á segulband. Spólurnar voru svo sendar með pósti til Íslands.

Mörgum þykja jólakveðjurnar ómissandi undirspil við þrifin og skreytingarnar á Þorláksmessu.

JÓHANN SIGURÐARSON: SYNGUR LÖGIN ÚR LEIKHÚSINU

# Lög sem mér þykir vænt um

Lögin úr leikhúsinu er heiti hljómdisks sem Jóhann Sigurðarson, leikari og söngvari, sendir frá sér í tilefni af 30 ára starfsafmæli sínu. Jóhann hefur áður sungið inn á plötur með fleirum en þetta er fyrsta sólóplata hans.

„Þarna er að finna eitt og annað sem bæði ég og aðrir hafa sungið. Mörg þessara laga eru uppáhaldslög sem mér þykir vænt um,“ segir Jóhann en á diskinum er að finna alls þrettán lög bæði úr söngleikjum og kvikmyndum. Meðal annars lögin „Sól rís sól sest“ og „Ef ég væri ríkur“ úr Fiðlaranum á þakinu, en þar fór Jóhann með hlutverk Tevje, og lagið „Guð í hæð“ úr Vesalingunum þar sem Jóhann lék Javert.

„Það má segja að þetta sé gamall draumur, að koma því frá mér sem ég hef verið að fást við,“ segir Jóhann sem fékk til liðs við sig söngkonurnar Jóhönnu Vigdísi Arnardóttur, Kristjönu Stefánsdóttur og Valgerði Guðnadóttur til að syngja kvenraddir. Þá sáu Pálmi Sigurhjartarson, Ásgeir Óskarsson, Róbert Þórhallsson og Þórður Árnason um undirleik.

Eftir 30 ára leikferil og hátt á annað hundrað hlutverk segir Jóhann erfitt að velja eitt hlutverk sem standi upp úr. Yfirleitt verði hann hugfanginn af því verki sem hann sé að vinna í þá stundina. Þó nefnir hann leikritið Abel Snorko býr einn sem eitt af sínum uppáhaldsleikritum og eins hafi verið gaman að leika í Fólkinu í kjallaranum. Jóhann segir einnig leikhúsumhverfið hafa breyst síðan hann steig sín fyrstu skref á sviði.

„Í dag er allt miklu viðameira og fjölbreyttara. Þegar ég útskrifaðist var bara Leikfélag Reykjavíkur og Þjóðleikhúsið. Nú eru fleiri leikhús og miklu fleiri sýningar settar upp á hverju ári. Ég lærði leiklist hér heima og nam söng hjá Sigurði Demetz í Nýja tónlistarskólanum og fór bara daginn eftir útskrift að leika í Þjóðleikhúsinu,“ rifjar Jóhann upp.

Þessa dagana æfir hann af kappi fyrir jólasýningu Borgarleikhússins, Ofviðrið eftir Shakespeare og á því fáar lausar stundir. Því hefur ekki enn unnist tími til að halda útgáfutónleika með Lögunum úr leikhúsinu en Jóhann hyggst bæta úr því þegar hægist um á nýju ári.

heida@frettabladid.is



**GAMALL DRAUMUR RÆTIST** Jóhann Sigurðarson syngur lögin úr leikhúsinu í tilefni 30 ára starfsafmælis í leiklistinni. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN




†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Einar Gunnarsson**

stýrimaður, Eyrarholti 6, 220 Hafnarfirði,

andaðist að heimili sínu sunnudaginn 19. desember. Útför hans fer fram frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði þriðjudaginn 28. des. kl. 13.00.

**Sólveig Guðmundsdóttir**
**Sigríður Einarsdóttir** **Þórir Úlfarsson**
**Gunnar Einarsson** **Sigríður Erla Guðmundsdóttir**
**Sigurveig Sjöfn Einarsdóttir** **Kristján Sigurðsson**
**Þór Jakob Einarsson**
**Halldóra Einarsdóttir** **Guðmundur Sveinbjörnsson**
**Málfríður Hrund Einarsdóttir** **Þór Sigurðsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Sigurður Ágústsson**

frá Vík
Tjarnarási 9a, Stykkishólmi,

lést á St. Franciskusspítala í Stykkishólmi miðvikudaginn 22. desember.

**Elín Guðrún Sigurðardóttir**
**Magdalena Sigurðardóttir** **Alfreð S. Jóhannsson**
**Þór Sigurðsson** **Hallfríður Guðrún Einarsdóttir**
**Oddný Sigurðardóttir** **Eiríkur Jónsson**
**Dagný Sigurðardóttir** **Þorvaldur Jónsson**
**Þorgerður Sigurðardóttir** **Kristján Már Unnarsson**
**Sigríður Sigurðardóttir** **Ingjaldur Arnþórsson**
**barnabörn og barnabarnabörn**



†

*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Þuríður Ragna Jóhannesdóttir**

Bragagötu 22a,

sem andaðist þann 15. desember síðastliðinn á Hjúkrunar- og dvalarheimilinu Klausturhólum, verður jarðsungin frá Grafarkirkju í Skaftártungu, þriðjudaginn 28. desember kl. 14.00.

**Ólafur Jóhann Björnsson** **Steinunn Guðjónsdóttir**
**Gísli Halldór Magnússon** **Ásta Sverrisdóttir**
**Guðlaug Ólafsdóttir** **Finnur Lúðvíksson**
**Ólöf Ragna Ólafsdóttir** **Jón Geir Ólafsson**
**Stefnir Gíslason**
**Arnar Páll Gíslason** **Elva Dögg Valsdóttir**
**Ármann Daði Gíslason**
**Anna Steina Finnsdóttir**
**Stefán Ingi Finnsson**
**Ægir Óli Andrésson**
**Jón Atli Jónsson**
**Unnsteinn Jónsson**
**Eldur Arnarsson**



†

*Ástkær eiginmaður minn, faðir, sonur, bróðir og afi,*

**Hörður Ingvaldsson**

Naustabryggju 2, Reykjavík,

lést af slysförum 18. des. sl. Útförin fer fram þriðjudaginn 28. des. kl. 15.00 í Neskirkju.

**Fyrir hönd aðstandenda,**

**Sigrún Hallsdóttir**
**Tinna Harðardóttir** **Brynjar Þór Bjarnason**
**Jens Harðarson** **Aleksandra Pantic**
**Ingvaldur Rögnvaldsson** **Helga Hafdís Gústafsdóttir**
**Þóra Ingvaldsdóttir** **Pétur Kristjánsson**
**Haukur Ingvaldsson** **Henny Kartika**
**Barði Ingvaldsson** **Valgerður Ragnarsdóttir**
**Eyrún Ingvaldsdóttir** **Sigurður Scheving Gunnarsson**

†



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem heiðruðu minningu og sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför móður okkar, tengdamóður, systurdóttur, mágkonu og vinkonu*

**Ingibjargar R. Guðmundsdóttur**

formanns Landssambands ísl. verzlunarmanna.

Sérstakar þakkir fyrir hlýju og góða umönnun færum við starfsfólki og læknum deildar 11G á Landspítalanum við Hringbraut.

**Bjarni Jónsson** **Jenný N. Sigurðardóttir**
**Andrés Jón Esrason**
**Jón Eiríksson**
**Timothy David Creighton** **Ruth Barnett Creighton**
**Irina S. Ogurtsova**

BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS



# Afgreiðslutími í Bónus

**24. des. aðfangadagur jóla**

**10:00 - 14:00**

**27. des. mánudagur**

**12:00 - 18:30**

# GLEÐILEG JÓL

BÓNUS BÝÐUR BETUR

Hér færðu veltutengda VILDARPUNKTA

VISA Vildarklúbbur

# krakkasíðan

krakkar@frettabladid.is

**WWW.NATMUS.IS/JOL** er jólavefsíða Þjóðminjasafnsins. Þar má fræðast um ýmislegt það sem snýr að jólunum, til dæmis jólasveinana sem koma við í safninu daglega fram að jólum.






# SPILAÐI FYRIR EIÐ SMÁRA ALLA NÓTTINA

**Ingó Veðurguð ætlar að vera heima hjá mömmu og pabba um jólin vegna þess að hann vantar húsgögn í íbúðina sína. Hann byrjaði að spila á gítar þréttán ára gamall og spilar nú á tvennum tónleikum yfir jólin.**

***Tónlistarmaðurinn Ingólfur Þórarinsson er oftast kallaður Ingó veðurguð. Hann á heima í Reykjavík en foreldrar hans á Selfossi og þar ætlar hann að vera um jólin.***

„Ég verð heima hjá mömmu og pabba ásamt bróður mínum og henni ömmu,“ segir Ingó. „Ég er alltaf heima um jólin og það verður ekkert öðruvísi í ár.“

***Ingó ætlar að borða góðan mat á aðfangadagskvöld. Humar í forrétt, hamborgarhrygg í aðalrétt og hann ætlar heldur betur að borða ís í eftirmat. Svo ætlar hann að opna pakkana.***

„Mig langar í svo margt, en mig vantar rosalega mikið dót inn í íbúðina mína. Ég var að kaupa hana og hún er alveg tóm núna, svo mig vantar eiginlega allt.“

***Þá er nú gott að Ingó sé heima á jólunum. Ekki er gaman að sitja á gólfinu og borða jólasteikina með puttunum. Það væri samt gaman að mega nota puttana í staðinn fyrir skeið í ísinn, en það yrði kannski svolítið subbulegt.***

Ingó ætlar að halda tvenna tónleika yfir jólin. Eina í Vestmanneyjum og aðra á Akranesi. „Það er alltaf gaman að spila á gítar en ég er búinn að æfa mig síðan ég var þrettán ára. Þá var ég í skólanum og spilaði bara á göngunum,“ segir Ingó og hlær. „Ég get líka spilað aðeins á önnur hljóðfæri, trommur og svoleiðis, en ég er bestur á gítarinn.“

> Tónlistin er alltaf skemmtileg, en fótboltinn er ekki skemmtilegur þegar illa gengur. Þegar vel gengur er fótboltinn samt skemmtilegastur, skemmtilegri en tónlistin.

***Í sumar spilaði Ingó fótbolta með Selfyssingum í efstu deild karla. Hvort er nú skemmtilegra, fótbolti eða tónlist?***

„Þetta er bæði mjög skemmtilegt. Tónlistin er alltaf skemmtileg, en fótboltinn er ekki skemmtilegur þegar illa gengur. Þegar vel gengur er fótboltinn samt skemmtilegastur, skemmtilegri en tónlistin.“

***Lagið „Gestalistinn“ með Ingó og Veðurguðunum var mjög vinsælt fyrir ekki svo löngu. Skildi Ingó einhvern tímann hafa hitt einhvern af listanum, eða var hann bara að skálda? Hefur hann til dæmis einhvern tímann hitt Eið Smára?***

„Já, ég hef hitt hann. Hann hefur verið á tónleikum hjá okkur þrisvar held ég. Einu sinni var hann í svo miklu stuði að hann bað alltaf um aukalag og við sögðum alltaf já. Við áttum að hætta að spila klukkan tvö, en hættum ekki fyrr en klukkan fjögur, svo mörg voru aukalögin.“





## BRANDARAKISTAN

**Hjónin Margrét og Barði voru að skrifa jólakortin þetta árið. Heldur brá vinum þeirra og ættingjum þegar skrifað var undir öll kortin: Magga Barði börnin**

**Jónsi: Veistu hvað pabbi sagði þegar ég bað um flotta tölvu í jólagjöf?**
**Nonni: Nei.**
**Jónsi: Hvernig vissirðu?**

**„Pabbi! Megum við fá hund á jólunum?“**
**„Nei, ætli við höfum ekki rjúpur eins og venjulega.“**

**Kona í búð: Gæti ég fengið að máta kjólinn þarna í glugganum?**
**Afgreiðslukona: Nei, því miður, viðskiptavinir verða að nota mátunarklefana.**

*Þú getur sent brandara til **krakkar@frettabladid.is***






## KRAKKAKYNNING

### Jóna Gréta Hilmarsdóttir.

**Aldur:** 11 ára.

**Skóli:** Háteigsskóli.

**Í hvaða stjörnumerki ertu?** Steingeit.

**Helstu áhugamál?** Vinir, íþróttir, karate, körfubolti og frjálsar íþróttir og dýr.

**Besti matur?** Vorrúllur og fiskur.

**Eftirlætisdrykkur?** Vatn og safi.

**Skemmtilegustu námsgreinarnar?** Myndlist, textíll og smíði. Enska, dans og stærðfræði.

**Áttu eða hefurðu átt gæludýr?** Ég á hund sem heitir Púki, þriggja ára, og kött sem heitir Grási, nýbúin að fá hann. Ég á líka fiska.

**Skemmtilegasti dagurinn?** Laugardagar. Þá er ég í karate og í fríi og get leikið við vini mína.

**Uppáhaldslitur?** Sægrænn.

**Hvað gerðirðu í sumar?** Ég fór meðal annars í bústað á Tungu.

**Skemmtilegasta bók sem þú hefur lesið?** Matthildur eftir Roald Dahl.

**Hvað ætlarðu að verða þegar þú ert orðinn stór?** Kannski hönnuður, rithöfundur, bókamyndskreytir eða ljóðskáld.

**Áttu eftirlætistónlist:** Páll Óskar og Nýdönsk.

**Áttu happatölu:** Níu. Ég er líka með töluna á búningnum mínum í körfuboltanum.



## HITT OG ÞETTA

**BARNAMESSUR verða haldnar í kirkjum víðs vegar um landið á sunnudag. Hægt er að nálgast upplýsingar um allt helgihald meðal annars á heimasíðum sóknanna, þær stærri halda flestar úti vefsíðum. Nánar á heimasíðu Þjóðkirkjunnar, kirkjan.is.**



**TILVALIÐ ER AÐ SKELLA sér í sund en venjulegur opnunartími er í flestum sundlaugum milli jóla og nýárs. Á vefsíðunni sundlaug.is er að finna upplýsingar um hvenær sundlaugarnar eru opnar.**



**ÞAÐ ER GAMALL OG GILDUR og fjölskylduvænn siður að heimsækja kirkjugarðinn um jólin og kveikja ljós á leiði ástvinar og fara með bæn.**



*Gleðilega hátíð!*

# VERÐMÆTUR KRAFTUR

Við óskum starfsfólki okkar, nágrönnum og Íslendingum öllum gleðilegrar jólahátíðar. Við þökkum árangursríka samvinnu á liðnum árum og hlökkum til að taka þátt í kraftmiklu samstarfi við uppbyggingu atvinnulífs og verðmætasköpun á Íslandi á nýju ári.

NORÐURÁL
Century ALUMINUM

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** gryfja, **6.** í röð, **8.** þróttur, **9.** veitt eftirför, **11.** kusk, **12.** kúlu, **14.** áburður, **16.** í röð, **17.** útdeildi, **18.** ennþá, **20.** óreiða, **21.** velta.

**LÓÐRÉTT**
**1.** trappa, **3.** guð, **4.** útvegunar, **5.** skordýr, **7.** vonsvikinn, **10.** traust, **13.** háttur, **15.** trauður, **16.** húðpoki, **19.** núna.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** gröf, **6.** rs, **8.** afl, **9.** elt, **11.** ló, **12.** perlu, **14.** gúanó, **16.** hí, **17.** gaf, **18.** enn, **20.** rú, **21.** snúa.

**LÓÐRÉTT: 1.** þrep, **3.** ra, **4.** öflunar, **5.** fló, **7.** sleginn, **10.** trú, **13.** lag, **15.** ófús, **16.** hes, **19.** nú.












# Það koma alltaf jól

BAKÞANKAR
Þórunnar Elísabetar Bogadóttur

Það sem skapar jólin er hefðir. Þessu hef ég komist að á aðventunni. Auðvitað vissi ég þetta fyrir, en mér finnst sem fólk sé farið að halda fastar í hefðirnar en áður. Að minnsta kosti hafa margir talað meira um þær við mig á þessari aðventu.

**HEFÐIRNAR** eru sem sagt sameiginlegar flestum sem halda jól. Það sem okkur finnst hátíðlegt, og gerir jólin að jólum, er það sem við höfum alist upp við eða tileinkað okkur. Það getur verið afskaplega mismunandi eftir fólki. Það sem mér finnst mjög nauðsynlegt og hátíðlegt getur öðrum fundist algjör óþarfi.



**FRÁ** því að ég man eftir mér hafa mín jól verið haldin á sama stað, utan eitt skipti. Alltaf hefur verið sami matur á boðstólum og alltaf er hlustað á aftansönginn í Dómkirkjunni á Rás eitt. Að sama skapi koma jólin ekki til mín nema ég hafi hlustað á jólakveðjurnar á Þorláksmessu (enda vann ég við að taka á móti kveðjunum á síðunglingsárum), en það er eina Þorláksmessuhefðin. Ég verð að fá heitt súkkulaði í hádeginu á jóladag og fara til ömmu minnar um kvöldið. Tilfinningin er sú að ef þetta gengur ekki allt eftir koma ekki jól.

**JÓLIN** koma nú alltaf samt. Hversu vel eða illa þau eru undirbúin, hversu margar smákökusortir, jólakort eða gjafir eru til þá koma þau nú alltaf á sama degi og sama tíma. Og þótt það breytist aldrei breytist ýmislegt annað með tímanum, og ekki vill maður verða algjörlega fastur í viðjum gamalla hefða. Nýjar hefðir eru líka alltaf að verða til, bæði þegar nýtt fólk kemur inn í fjölskylduna með sínar eigin hefðir og samfara því að fólk eldist.

**ÍSLENDINGAR** eru sérlega góðir í því að halda jól og áramót, enda keppnisfólk upp til hópa. Þó að hefðirnar séu nú ólíkar er eitt sem mér finnst að allir eigi að tileinka sér á þessum árstíma. Eins væmið og það hljómar þá er það þakklæti. Ef einhvern tímann er tími til að vera væminn og þakklátur er það líka á jólum og áramótum, sama hvort það mikilvægasta er hækkandi sól, fæðing frelsara, matur og gjafir eða samvera með fjölskyldunni. Við gleymum því nefnilega fjandi oft hvað við höfum það í raun og veru gott, svona í stóra samhengi hlutanna.

**AÐ** endingu (með rödd Gerðar G. Bjarklind í höfðinu) sendi ég landsmönnum öllum, vinum og vandamönnum nær og fjær hugheilar jólakveðjur með þökk fyrir samveruna á árinu sem er að líða. Gleðileg jól!

## myndasögur

### Pondus

Eftir Frode Øverli




### Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




### Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




### Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



Stilling 55 ára

# Alltaf heitur bíll

## Bílahitarar frá Calix og Eberspächer

- Alltaf heitur bíll
- Minni eldsneytisnotkun
- Aukið umferðaöryggi
- Betra útsýni úr frostlausum rúðum
- Minni mengun

Með reglulegri notkun hreyfilhitara er hægt að draga úr útblæstri lofttegunda, eins og kolmónoxíð (CO) og kolvetnum (HC), um allt að 80% og minnka útblástur koltvísýrings (CO2) um 60%.

Eberspächer

Calix



Stilling hf. · Sími 520 8000
www.stilling.is · stilling@stilling.is

Stilling




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| TRON LEGACY-3D | kl. 3:20 - 5:50 - 8 - 10:40 - 11 | 10 |
| TRON LEGACY | kl. 2 - 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 - 5:50 | L |
| MEGAMIND-3D Ótextuð M/ ensku. Tali | kl. 8:30 | L |
| THE LAST EXORCISM | kl. 10:40 | 16 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 3:40 - 5:50 - 8 - 10:40 | L |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 - 8 - 11 | 10 |
| DUE DATE | kl. 5:50 - 8 | 10 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | 7 |
| FURRY VENGEANCE | kl. 1:30 | L |

SÝNINGARTÍMARNIR GILDA 26. DESEMBER

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| TRON: LEGACY-3D | kl. 12.15 - 2.45 - 5.20 - 8 og 10.40 | 10 |
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 12.15 - 2.45 og 5.20 | L |
| MEGAMIND-3D Ótextuð M/ ensku. Tali | kl. 10.30 | L |
| LITTLE FOCKERS | kl. 2.45 - 5.20 - 8 - 10.10 og 11 | 12 |
| NARNIA-3D | kl. 12.15 - 2.45 - 5.20 og 8 | L |
| HARRY POTTER | kl. 8 | 10 |
| ÆVINTÝRI SAMMA-3D M/ ísl. Tali | kl. 12.15 | L |

SPARBÍÓ KR 650 Á SÝNINGAR MERKTAR MEÐ APPELSÍNUGULU OG KR. 950 Á 3D MERKT GRÆNU

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| TRON LEGACY-3D | kl. 5:20 - 8 - 10:10 | 10 |
| LITTLE FOCKERS | kl. 5:50 - 8 - 10:40 | 12 |
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 1:30 - 3:40 | L |
| HARRY POTTER | kl. 2 - 5 - 8 | 10 |
| RED | kl. 10:40 | 12 |
| ÆVINTÝTÝRI SAMMA-3D ísl. Tali | kl. 3:30 | L |
| KONUNGSRÍKI UGLANNA-3D ísl. Tali | kl. 1:30 | 7 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| MEGAMIND-3D M/ ísl. Tali | kl. 2 - 4 | L |
| MEGAMIND-3D enskt tal | kl. 6 | L |
| TRON : LEGACY-3D | kl. 8 - 10:40 | 10 |
| HARRY POTTER | kl. 2 | 10 |
| LIFE AS WE KNOW IT | kl. 5 | L |
| THE LAST EXORCISM | kl. 8 - 10:10 | 16 |



SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ

GLEÐILEG JÓL




SMÁRABÍÓ — GLERAUGU SELD SÉR — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| LITTLE FOCKERS | KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| GAURAGANGUR | KL. 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| GAURAGANGUR LÚXUS | KL. 1 - 3.40 - 5.50 - 8 - 10.10 | 7 |
| MEGAMIND 3D ÍSL. TAL | KL. 1 (950kr.) - 3.20 - 5.50 | L |
| MEGAMIND 3D ENSKT TAL | KL. 1 (950kr.) - 8 - 10.10 | L |
| NARNIA 3 3D | KL. 1 (950kr.) 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 7 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 1 (700KR.) | L |

HÁSKÓLABÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| LITTLE FOCKERS | KL. 3 - 5.30 - 8 - 10.30 | 12 |
| GAURAGANGUR | KL. 2 - 4 - 6 - 8 - 9.30 - 10.10 | 7 |
| NARNIA 3 3D | KL. 2 (950kr.) - 4.30 - 7 | 7 |
| FASTER | KL. 8 - 10.10 | 16 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 2 (700KR.) - 4 - 6 | L |

BORGARBÍÓ — Nánar á Miði.is

| | | |
|---|---|---|
| LITTLE FOCKERS | KL. 6 - 8 - 10 | 12 |
| GAURAGANGUR | KL. 6 - 8 - 10 | 7 |
| NARNIA 3 3D | KL. 1.40* (900kr.) - 3.50** | 7 |
| NIKO OG LEIÐIN TIL STJARNANNA | KL. 2 (700kr.) | L |

* Aðeins annan í jólum ** 27.12. - 30.12.

ATH: SÝNINGARTÍMAR GILDA 26. - 27. DESEMBER

GLEÐILEG JÓL!
Nánari upplýsingar og miðasala á midi.is
GLEÐILEGT NÝTT BÍÓÁR!
facebook /smarabio • Sími 564 0000



NÝTT Í BÍÓ — LAUGARÁS BÍÓ — Sími: 553 2075 - bara lúxus — GLEÐILEG JÓL




LOKAÐ Á AÐFANGADAG OG JÓLADAG.
SÝNINGARTÍMAR OG TILBOÐ GILDA FYRIR 26. desember

FÆRÐ 5% ENDURGREITT EF ÞÚ BORGAR BÍÓMIÐANN MEÐ KREDITKORTI TENGDU AUKAKRÓNUM!

LAUGARÁS BÍÓ SÝNINGARTÍMAR

| | | |
|---|---|---|
| LITTLE FOCKERS | 2(650 kr), 5.50, 8 og 10.10 | 12 |
| GAURAGANGUR | 5.50, 8 og 10.10 | 7 |
| MEGAMIND - ISL TAL | 1.30(950 kr) og 4 | L |
| NÍKO | 2(650 kr) og 4 | L |
| THE NEXT THREE DAYS | 5.40 og 8 | 12 |
| NARNIA | 3.30(950 kr) | 7 |
| PARANORMAL ACTIVITY 2 | 10.30 | 16 |


Kvikmyndir ★★★

**Gauragangur**

Leikstjóri: Gunnar Björn Guðmundsson

**Aðalhlutverk:** Alexander Briem, Hildur Berglind Arndal, Eygló Hilmarsdóttir, Atli Óskar Fjalarsson, Steinn Ármann Magnússon og fleiri.

## Slægur fer gaur



Að mörgu leyti er það vandasamt verkefni að ráðast í yfirfærslu löngu klassískrar sögu á hvíta tjaldið. Gauragangur eftir Ólaf Hauk Símonarson, sem fjallar um unglinginn Orm Óðinsson og rammíslensk ævintýri hans, hefur verið lúslesin af íslenskum ungmennum frá útkomu hennar árið 1988 og er ein af þessum bókum sem lesendur taka ástfóstri við og mynda sér sterkar skoðanir á. Á hinn bóginn hlýtur hlutskipti leikstjórans að teljast öfundsvert, svo ríkulegur er efniviðurinn. Gunnar Björn Guðmundsson nýtir sér hann nokkuð vel, tekst að fanga sérstæða stemningu bókarinnar betur en öðrum sem hingað til hafa reynt og ber á borð ljómandi fína kvikmynd um og fyrir ungt fólk.

Samband Orms og hinnar fögru Lindu er þungamiðjan, en vel heppnað handritið gefur færi á glettilega mörgum hliðarsögum án þess þó að missa dampinn að ráði. Þar sem freistandi hefði verið að einfalda húmorinn með hliðsjón af markhópnum eru höfundarnir Gunnar Björn og Ottó G. Borg trúir sögunni, sem er vel, og örfá frávikin eru einungis til bóta. Mikið mæðir á Alexander Briem í hlutverki Orms, brothætta besservisserins sem er stórskemmtilegur og óþolandi á víxl, en hann er í mynd nánast allan tímann og stendur sig frábærlega. Mikið efni þar á ferð. Því fylgir áhætta að hafa ungmenni í burðarrullum en þeim tekst mestan part ágætlega upp, þótt nokkuð beri á skorti á nægilega skýrri framsögn, til að mynda í tilfelli Lindu sem leikin er af Hildi Berglindi Arndal. Af hinum eldri og reyndari blaktir Steinn Ármann Magnússon í hlutverki leigjandans Magga á meðan foreldrar Lindu (Björk Jakobsdóttir og Stefán Jónsson), eru full ýktir karakterar og stinga þannig í stúf við heildarmyndina. Þá gerir Snorri Engilbertsson vel í litlu en afar kómísku hlutverki mágs Orms.

Tæknilega séð gengur myndin smurt. Tímabilinu (árinu 1979) er komið til skila á látlausan og smekklegan hátt og tónlistin (bæði frumsamdar stemningar og vel valdir síð-seventís smellir) er viðeigandi. Setja má spurningamerki við undarlegar ákvarðanir á borð við þær að kynna ekki vini Orms ítarlegar til sögunnar, sem hefði líkast til verið hægur leikur með sögumann við höndina, og einnig að láta Orm tala beint til áhorfenda á að því virðist tilviljanakenndan hátt, sem kemur klúðurslega út. Þau atriði koma nokkuð niður á heildinni, en ekki um of. Gauragangur virkar vel, myndin er skynsamlega (en ekki alveg nógu oft syndsamlega) fyndin og yfirhöfuð ánægjuleg.

**Kjartan Guðmundsson**

**Niðurstaða:** Vel gerð kvikmynd fyrir ungt fólk sem fangar stemningu bókarinnar. Alexander Briem fer á kostum í aðalhlutverkinu.


BÍÓ ★ PARADÍS — CAFÉ — Gleðileg jól




SÝNINGAR ANNAN DAG JÓLA (LOKAÐ 24.-25.DES.)

| | |
|---|---|
| THE APARTMENT(L) | 20:00 |
| RARE EXPORTS(12) | 18:00, 20:10, 22:20 |
| THE KILLER INSIDE ME(16) | 18:00, 20:20, 22:30 |
| GNARR(L) | 18:00, 22:20 |
| ÚRVAL ÁRSINS: INSIDE JOB(L) | 20:10 |
| ÚRVAL ÁRSINS: MEÐ HANGANDI HENDI(L) | 18:20 |
| ÚRVAL ÁRSINS: ENTER THE VOID(16) | 22:30 |

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR / BIOPARADIS.IS / MIDI.IS

# AFGREIÐSLUTÍMI UM JÓLIN

Viðskiptavinir athugið
að 24. desember loka
verslanir 10-11 klukkan

**16:00**

og opna aftur klukkan

**00:00**

að kvöldi jóladags 25. desember

Starfsfólk 10-11 óskar viðskiptavinum
sínum gleðilegra jóla





10-11

...alltaf opið!

www.10-11.is

# sport

sport@frettabladid.is

**20 DAGAR**

**FH-INGURINN BIRGIR BJÖRNSSON** var fyrsti fyrirliði íslenska landsliðsins á HM en hann var fyrirliði á bæði HM í Austur-Þýskalandi og á HM í Vestur-Þýskalandi 1961. Birgir tók sem fyrirliði þátt í því að velja fyrsta HM-hópinn ásamt þjálfaranum Hallsteini Hinrikssyni og landsliðsnefndarmanninum Sigurði G. Norðdal.








Gleðilegt JÓLASUND!

Afgreiðslutími sundstaða um jól og áramót 2010-2011

| | Þorláksmessa | Aðfangadagur | Jóladagur | Annar í jólum | Gamlársdagur | Nýársdagur |
|---|---|---|---|---|---|---|
| | 23. des | 24. des | 25. des | 26. des | 31. des | 1. jan * |
| Árbæjarlaug | 06:30–18:00 | 08:00–12:30 | Lokað | 12:00–18:00 | 08:00–12:30 | Lokað |
| Breiðholtslaug | 06:30–18:00 | 08:00-12:30 | Lokað | Lokað | 08:00–12:30 | Lokað |
| Grafarvogslaug | 06:30–18:00 | 08:00–12:30 | Lokað | Lokað | 08:00–12:30 | Lokað |
| Klébergslaug | 11:00-15:00 | 10:00-12:30 | Lokað | Lokað | 10:00-12:30 | Lokað |
| Laugardalslaug | 06:30–18:00 | 08:00–12:30 | Lokað | 12:00–18:00 | 08:00–12:30 | 12:00–18:00 |
| Sundhöllin | 06:30–18:00 | 08:00–12:30 | Lokað | Lokað | 08:00–12:30 | Lokað |
| Vesturbæjarlaug | 06:30–18:00 | 08:00–12:30 | Lokað | Lokað | 08:00–12:30 | Lokað |

* Á öðrum dögum er opið samkvæmt hefðbundnum afgreiðslutíma*

Laugarnar í Reykjavík ÍTR www.itr.is | sími 411 5000




SLEGIÐ Í GEGN Sigfús í leik með Emsdetten í Þýskalandi. MYND/OBERHEIM

Sigfús Sigurðsson:

## Í viðræðum um nýjan samning

**HANDBOLTI** Sigfús Sigurðsson á enn í viðræðum við Emsdetten um nýjan samning en upphaflega var áætlað að hann myndi spila með liðinu til jóla.

Síðan Sigfús kom til félagsins fyrir sjö vikum hefur liðið unnið sex af sjö leikjum sínum og hefur Sigfús slegið í gegn hjá stuðningsmönnum Emsdetten. Patrekur Jóhannesson er þjálfari liðsins.

„Mér hefur liðið afar vel í Emsdetten og myndi gjarnan vilja vera hérna áfram,“ sagði hann í samtali við þýska fjölmiðla. „En umræður um nýjan samning sem myndi gilda til loka tímabilsins eru enn í gangi.“ - esá



RAFAEL BENITEZ MYND/NORDIC PHOTOS/GETTY

Þjálfarastaða Inter Milan:

## Benítez út og Leonardo inn

**FÓTBOLTI** Evrópumeistarar Inter Milan og Rafael Benítez hafa náð samkomulagi um starfslok spænska þjálfarans og entist þessi fyrrverandi stjóri Liverpool aðeins í sex mánuði hjá ítalska félaginu eftir að hafa tekið við af José Mourinho. Inter vann fimm titla á árinu, þrjá undir stjórn Mourinho og tvo undir stjórn Benítez.

Massimo Moratti, forseti Inter, sagði að það hefði verið ómögulegt að vinna áfram með Benítez eftir yfirlýsingu þjálfarans eftir sigurinn í heimsbikarkeppni félagsliða. Benítez gaf þá stjórn félagsins þá afarkosti að styðja við hann eða reka hann. Moratti og félagar völdu seinni kostinn.

Brasilíumaðurinn Leonardo mun líklega taka við af Benítez en hann var rekinn frá nágrönnunum í AC Milan í fyrra. - óój

## ENSKI BOLTINN

**ANNAR Í JÓLUM**

| | |
|---|---|
| Fulham - Everton | 12.00 |
| Bolton - West Brom | 15.00 |
| Everton - Birmingham | 15.00 |
| Wolves - Wigan | 15.00 |
| Manchester United - Sunderland | 15.00 |
| Blackpool - Liverpool | 15.00 |
| Newcastle - Manchester City | 15.00 |
| Blackburn - Stoke | 15.00 |
| Aston Villa - Tottenham | 17.30 |

**27. DESEMBER**

| | |
|---|---|
| Arsenal - Chelsea | 20.00 |


FORSÍÐA VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

ÍÞRÓTTIR Á ÞÍNUM HEIMAVELLI

Deildu Vísi með öðrum. Þeir sem setja „like“ við Vísi á Facebook geta unnið óvænta vinninga í hverri viku.

Meiri Vísir.

m.visir.is Fáðu Vísi í símann og iPad!

visir.is

Fimm NBA-leikir fara fram á jóladag og stórleikur NBA-meistara Los Angeles Lakers og Miami Heat verður í beinni á Stöð 2 Sport:

# Enn ein körfuboltajólin hjá Kobe, Shaq og Phil Jackson

**KÖRFUBOLTI** NBA-deildin býður að venju upp á körfuboltaveislu á jóladag en fimm leikir milli margra af skemmtilegustu liðum deildarinnar fara þá fram. Stórleikur kvöldsins er þegar NBA-meistarar Los Angeles Lakers fá lið Miami Heat í heimsókn og verður þetta fyrsti leikur Heat-liðsins á móti Lakers síðan LeBron James og Chris Bosh gengu til liðs við Dwyane Wade og mynduðu Sólstrandargæja NBA-deildarinnar.

Kobe mætti LeBron á jólunum í fyrra og þurfti að sætta sig við 87-102 tap. James hefur spilað undanfarin þrjú tímabil á jóladegi og hefur fagnað sigri í öll þrjú skiptin. Bryant hefur aftur á móti þurft að sætta sig við tap í 6 af síðustu 8 leikjum sínum á þessum degi, þar af þrisvar sinnum á móti Dwyane Wade og félögum í Miami.

Leikur Lakers og Miami hefst klukkan tíu og verður í beinni á Stöð 2 Sport. Á undan mætast hin sjóðheitu lið New York Knicks og Chicago Bulls í Madison Square Garden í New York og þá tekur hið nýja samsetta lið Orlando Magic á móti Boston Celtics. Seinna mætast síðan Oklahoma City Thunder-Denver Nuggets og Golden State Warriors-Portland Trail Blazers.

Phil Jackson, þjálfari Los Angeles Lakers, kvartaði yfir því í fjölmiðlum í vikunni að þurfa að spila á jóladag en fáir hafa þurft að eyða jafnmörgum jólum á NBA-leik en einmitt hann. Jackson spilaði sjálfur tíu sinnum á jóladegi þegar hann var leikmaður í NBA og hefur stýrt liðum sínum sautján sinnum á jóladegi síðan hann gerðist þjálfari.



Gömlu vinirnir Kobe Bryant og Shaquille O'Neal munu jafna met í ár þegar þeir spila í þrettánda sinn á jóladegi en þeir munu þá deila metinu með Dolph Schayes og Earl Monroe. Kobe Bryant nálgast fleiri met á jóladegi, því hann hefur skorað 304 stig í 12 leikjum á þessum degi (25,3 í leik) og er í öðru sæti á eftir Oscar Robertson (377 stig). - óój



**TEKIÐ Á ÞVÍ** Wayne Rooney í baráttu við Laurent Koscielny í leik Manchester United og Arsenal á dögunum. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Allt lagt undir um hátíðarnar

**Búast má við því að línur taki að skýrast enn betur í ensku úrvalsdeildinni um hátíðarnar en þá verða fjörutíu leikir á tólf dögum, þar af níu á sunnudag.**

**FÓTBOLTI** Eins og ávallt í ensku úrvalsdeildinni er mikið um annir hjá liðum deildarinnar um hátíðarnar. Fram undan eru fjórar umferðir sem fara fram á aðeins tólf dögum en ballið byrjar með níu leikjum á sunnudag, öðrum degi jóla.

Þó að liðin séu að meðaltali búin að spila sautján leiki til þessa í deildinni í haust hefur engu liði tekist að vinna meira en tíu leiki. Öflugustu lið deildarinnar hafa misstigið sig óvenjumikið í haust og hafa öll tapað minnst fjórum leikjum. Undantekningin er topplið Manchester United sem er enn taplaust en hefur gert sjö jafntefli í sextán leikjum.

United hefur þó verið á góðu skriði að undanförnu og unnið sex af síðustu átta leikjum sínum. Liðið er í góðri stöðu, með 34 stig á toppnum og tveggja stiga forystu á næstu lið. United á þar að auki leik til góða.

„Markmið mitt er að reyna að halda toppsætinu eftir 4. janúar," sagði Sir Alex Ferguson, stjóri United, en liðið á leik gegn Stoke á þeim degi. „Ef það tekst höfum við staðið okkur vel. Toppbaráttan í deildinni mun taka á sig sterkari mynd um hátíðarnar – ef veður leyfir," bætti hann við.

Reyndar telur Nani, leikmaður United, að baráttan um enska meistaratitilinn standi aðeins á milli tveggja félaga – United og Chelsea. Síðarnefnda liðið er í fjórða sæti deildarinnar, þremur á eftir United. Á milli þeirra eru Arsenal og Manchester City, bæði með 32 stig.

„Ég á ekki lengur von á öðru en að annaðhvort Manchester United eða Chelsea verði enskur meistari í vor. Vonandi verður það United."

Arsene Wenger, stjóri Arsenal, var ekki ánægður með þessi ummæli en hann stefnir nú að því að vinna titil með félaginu í fyrsta sinn í fimm ár. „Allir hafa sína skoðun og enginn er fullkominn," sagði Wenger. „Við búum í samfélagi þar sem allir vita allt og það er skömm að segja: „Ég veit það ekki." Sjálfur veit ég ekki hver mun standa eftir sem sigurvegari og hef ég stýrt mínum liðum í alls 1.600 leikjum á ferlinum. Ef Nani veit það þá hlýtur hann að vera 1.600 sinnum gáfaðri en ég."

Af risunum í Englandi hefur engum gengið jafn illa í haust og Liverpool en liðið er í níunda sæti deildarinnar, tólf stigum frá toppnum. Roy Hodgson tók við liðinu í sumar og hefur gengið á ýmsu í haust en til að mynda var skipt um eigendur eftir mikið fjölmiðlafár og mikla óvissu um fjárhagslega framtíð félagsins.

Liðið virtist hafa náð sér á strik í byrjun nóvember er það lagði þáverandi topplið Chelsea, 2-0, og vann þá sinn þriðja deildarleik í röð. En síðan þá hefur lítið gengið og liðið tapað og unnið á víxl.

Góðu fréttirnar fyrir Liverpool eru þær að Steven Gerrard og Daniel Agger eru klárir í slaginn eftir meiðsli og geta því spilað þegar liðið mætir Blackpool á sunnudag. „Þetta er mikill styrkur fyrir okkur þar sem næstu dagar geta breytt öllu fyrir hvert einasta lið í deildinni," sagði Hodgson.

Arsenal og Chelsea mætast svo á mánudagskvöldið en síðarnefnda liðið mun þá freista þess að vinna sinn fyrsta deildarleik síðan 10. nóvember.

eirikur@frettabladid.is




## > Brad Pitt

„Það eru alltaf einn eða tveir ljósmyndarar fyrir utan sem fylgja okkur örugglega fjóra af sjö dögum vikunnar. Ég er ekkert að gera neitt merkilegt svo ég veit að þeir eru bara að sóa deginum sínum, svo þetta er hætt að fara í taugarnar á mér.“

***Brad Pitt leikur hinn sérstaka Benjamin Button, sem yngist í stað þess að eldast, í kvikmyndinni The Curious Case of Benjamin Button sem sýnd er á Stöð 2 kl. 22.15 í kvöld.***



# dagskrá
## annar í jólum

## SUNNUDAGSKVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.25

### Bjarnfreðarson

Jón Gnarr, Pétur Jóhann Sigfússon og Jörundur Ragnarsson fara á kostum í þessari mögnuðu kvikmynd sem er sjálfstæður lokakafli í sögu þremenninganna úr Vaktar-seríunum. Leikstjóri er Ragnar Bragason.



## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**08.00** Klukknahringing **08.15** Útvarpið hringir inn jólin **09.08** Tónlist að morgni jóladags **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Rökkurganga í Glaumbæ **11.00** Guðsþjónusta í Brautarholtskirkju **12.00** Hádegisútvarp **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **13.00** Gísli á Uppsölum - spekingurinn í dalnum **14.00** Jólatónleikar Kammersveitar Reykjavíkur **15.20** Jólaminningar **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** „Mín var ást að öllu hrein“ **17.05** Jól í Útvarpssal **18.00** Kvöldfréttir **18.15** Um skáldskap og sannleika **18.50** Veðurfregnir **19.00** Jólaþátturinn úr Messíasi **20.05** Smásaga: Sjáðu, Maddit, það snjóar **20.40** Líður að helgum tíðum **21.35** Víkingur leikur Chopin **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Í slitnum skóm **23.00** Ertu búin að Bach-a fyrir jólin? **23.15** Stefnumót **00.05** Næturtónar

## SJÓNVARPIÐ

**08.00 Morgunstundin okkar**
**08.03 Pálína**
**08.09 Teitur** (44:52)
**08.20 Sveitasæla** (18:20)
**08.34 Tröllasaga**
**09.00 Otrabörnin** (14:26)
**09.25 Konungsríki Benna og Sóleyjar**
**09.38 Mókó** (35:52)
**09.45 Einu sinni var... lífið** (19:26)
**10.14 Hrúturinn Hreinn** (16:40)
**10.21 Elías Knár** (27:52)
**10.35 Greppikló**
**11.05 Fínni kostur** (1:21)
**11.35 Villisvanirnir**
**12.35 Páll Óskar - Leiðin upp á svið** (e)
**13.20 Hátíðarsýning á skautum**
**15.30 Hnotubrjóturinn**
**17.05 Jólatónar**
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Jólastundin okkar**
**18.30 Engin jól án Bassa** (e)
**18.54 Lottó**
**19.00 Fréttir**
**19.20 Veðurfréttir**
**19.25 Með hangandi hendi**
**21.00 Nikulás litli** (Le petit Nicolas)
**22.30 Sögur frá Narníu - Kaspían prins**
**00.55 Brúðguminn** (e)
**02.30 Útvarpsfréttir í dagskrárlok**

## BÍÓ

**08.00 National Lampoon's Christmas Vacation**
**10.00 Baby Mama**
**12.00 Marley & Me**
**14.00 National Lampoon's Christmas Vacation**
**16.00 Baby Mama**
**18.00 Marley & Me**
**20.00 17 Again**
**22.00 Me, Myself and Irene**
**00.00 The Brave One**
**02.05 Fracture**
**04.00 Me, Myself and Irene**
**06.00 Bjarnfreðarson**

## STÖÐ 2

**07.00 Ávaxtakarfan**
**08.30 Algjör Sveppi**
**08.35 Waybuloo**
**09.00 Strumparnir**
**09.25 Svampur Sveins**
**09.50 Dóra könnuður**
**10.20 The Nutcracker and the Mouseking**
**11.50 Home Alone 3**
**13.35 The Santa Clause 2**
**15.20 Jack Frost**
**17.00 Logi í beinni**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.50 Frostrósir** Upptaka frá glæsilegum tónleikum frá 2009 þar sem dívurnar eru þær Margrét Eir, Guðrún Gunnars, Ragga Gísla og Hera Björk. Ásamt þeim komu fram stór-tenórarnir Jóhann Friðgeir og Garðar Thór Cortes ásamt Friðriki Ómari. Sérstakir gestir voru þau Högni og Sigríður Thorlacius úr Hjaltalín, Heiða Ólafs, Edgar Smári o.fl. Um undirleik sá 30 manna Stórhljómsveit Frostrósa og kórar eru Karlakór Fóstbræðra, Vox Feminae, Stúlknakór Reykjavíkur, Félagar úr Skólakór Kársness, Gospelraddir Domus Vox og Íslenski gospelkórinn.
**20.25 Bjarnfreðarson** Ragnar Bragason leikstýrir þessari mögnuðu kvikmynd sem er sjálfstæður lokakafli í sögu þremenninganna úr Vaktar-seríunum. Í myndinni sjáum við gæfuna líta loks við Ólafi þar sem hann fær draum sinn uppfylltan um að verða útvarpsmaður. Daníel er fastur í lygavef sem hann verður að komast út úr og Georg þarf að takast á við drauga úr fortíðinni sem flesta má rekja til móður hans og algert uppgjör er óhjákvæmilegt.
**22.15 Curious Case of Benjamin Button** Frábær verðlaunamynd í leikstjórn Davids Fincher með Brad Pitt og Cate Blanchett í aðalhlutverkum. Benjamin Button er vægast sagt óvenjulegur einstaklingur. Hann eldist ekki eins og venjulegt fólk gerir, heldur yngist hann stöðugt.
**00.55 Rain man** Faðir auðnuleysingjans Charlies Babbitts er látinn og hann mætir á staðinn til að hirða arfinn. En Charlie reynist ekki erfingi auðæva hans heldur bróðir hans Raymond sem er einhverfur.
**03.05 The Man in the Iron Mask** Skyttur þrjár snúa bökum saman.
**05.15 Frostrósir**

## SPORT *besta sætið*

**10.00 Þýski handboltinn. Lübbecke - Kiel**
**11.40 Norðurálsmótið**
**12.25 Shell-mótið**
**13.15 N1-mótið**
**14.05 Rey Cup**
**14.50 Pæjumótið TM á Siglufirði**
**15.40 Barcelona - Man. Utd. 2.11. 1994**
**17.25 Bremen - Anderlecht 1993**
**19.10 Herminator Invitational** Sýnt frá Herminator Invitational-mótinu í golfi sem haldið var í Vestmannaeyjum.
**19.50 Herminator Invitational**
**20.40 Icelandic Fitness and Health Expo 1** Sýnt frá Kraftasportinu 2010 en til leiks eru mættir flestir af sterkustu mönnum Íslands.
**21.15 Icelandic Fitness and Health Expo 2** Sýnt frá Kraftasportinu 2010 en til leiks eru mættir flestir af sterkustu mönnum Íslands.
**21.55 NBA-körfuboltinn. L.A. Lakers - Miami** Bein útsending frá leik Los Angeles Lakers og Miami Heat í NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**10.00 Premier League World 2010/11**
**10.30 Premier League Review 2010/11**
**11.25 Ensku mörkin 2010/11**
**11.55 Season Highlights** Allar leiktíðir Úrvalsdeildarinnar gerðar upp í hröðum og skemmtilegum þætti.
**12.50 Season Highlights**
**13.45 Season Highlights**
**14.40 Season Highlights**
**15.35 Season Highlights**
**16.30 Season Highlights**
**17.25 Season Highlights**
**18.20 Season Highlights**
**19.15 Season Highlights**
**20.10 Season Highlights**
**21.05 Season Highlights**
**22.00 Season Highlights**
**22.55 Premier League Review** Rennt yfir leiki helgarinnar í ensku úrvalsdeildinni og allt það helsta úr leikjunum skoðað gaumgæfilega.

## SKJÁR EINN

**06.00 Pepsi MAX tónlist**
**07.50 Rachael Ray** (e)
**08.35 Rachael Ray** (e)
**09.15 Dr. Phil** (e)
**10.35 Judging Amy** (17:23) (e)
**11.20 America's Next Top Model** (12:13) (e)
**12.10 90210** (7:22) (e)
